

FJÖLRIT NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR

3

Oddur Erlendsson

Dagskrá um Heklugosið 1845-6 og afleiðingar þess

Haukur Jóhannesson sá um útgáfuna



Október 1986

Ótgefandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Laugavegi 105
Pósthólf 5320
125 Reykjavík

Ritnefnd: Erling Ólafsson (ritstjóri)
Bergþór Jóhannsson
Sveinn P. Jakobsson

Kápumynd: Þorfinnur Sigurgeirsson (gerð eftir teikningu
höfundar)

EFNISYFIRLIT

	bls.
Inngangur (eftir Hauk Jóhannesson)	4
Afstöðumynd	6
Dagskrá um Heklugosið 1845-6 og afleiðingar þess ...	7
Fyrsti þáttur	9
Annar þáttur	26
Þriðji þáttur	32
Fjórði þáttur	36
Fimmti þáttur	41
Sjötti þáttur	48
Myndir úr handriti	51

INNGANGUR

Heklugosið 1845-46 var mikið eldgos og stóð í tæpt ár. Það er annað af tveimur stórgosum sem urðu á öldinni sem leið. Hitt var Öskjugosið 1875. Sigurður Þórarinnsson gerði þessu Heklugosi skil í bók sinni Heklueldar, sem Sögufélagið gaf út árið 1968. Einnig skrifaði Sigurður um gosið í ritröð Vísindafélags Íslendinga um Heklugosið 1947-48 (The eruption of Hekla in historical times). Í þessum tveimur ritum er getið allra helstu heimilda, sem til eru um þetta gos.

Hér birtist í fyrsta sinni á prenti í heild rit Odds Erlendssonar á Þúfu í Landsveit um Heklugosið 1845-46. Oddur Erlendsson var fæddur að Lindarbæ í Ásahreppi í Rangárvallasýslu árið 1818. Hann ólst upp að mestu í Litla-Klofa og að Þúfu í Landsveit. Hann hóf búskap að Þúfu eftir föður sinn árið 1840 og kvæntist árið eftir Elínu Hjartardóttur úr Grindavík. Þau bjuggu allan sinn búskap að Þúfu, eða uns Oddur lést 1855, aðeins 38 ára að aldri. Einn afkomenda þeirra, Haraldur Guðnason, hefir rakið æfi þeirra í grein í Goðasteini 1964.

Oddur Erlendsson fékkst allnokkuð við ritstörf, einkum afskiftir og eru nokkur handrit með hans hendi í handritasafni Landsbókasafns og fáein eru í vörslu Haraldar Guðnasonar.

Telja verður Hekluritið höfuðrit Odds. Hann nefnir það: Dagskrá um Heklugosið 1845-46 og afleiðingar þess. Þetta rit eitt mun nægja til að halda nafni hans á lofti um langa framtíð. Oddur hefir skráð hjá sér gang Heklugossins alveg frá upphafi og er nú ekki vitað með vissu hverju það sætti. Þó má vera að bréfaskipti hans og Finns Magnússonar prófessors í Kaupmannahöfn hafi þar haft áhrif. Þeir skrifuðust á a.m.k. frá árinu 1843 og meðan báðir lifðu. Flest bréf Odds til Finns eru varðveitt í Ríkisskjalasafninu danska en bréf Finns til Odds hafa því miður glatast. Haraldur Guðnason hefir látið prenta bréf Odds til Finns í Goðasteini 1977. Í einu bréfanna (dagsettu 27. janúar 1846) minnst Oddur á, að hann hafi haldið dagbók um Heklugosið. Annað bréf er dagsett 22. febrúar 1847 og virðist hafa fylgt Dagskránni, sem er einnig dagsett 22. febrúar þetta sama ár. Hann hefir því sent Finni hana. Því er líklegt að Oddur hafi verið undir áhrifum frá Finni, en hann var einmitt um þessar mundir að leggja drög að samningu rits um eldgosasögu Íslands. Finnur féll frá síðla árs 1847 og varð því ekkert úr samningu ritsins. Aftur á móti safnaði Jón Sigurðsson forseti að sér gögnum um eldgos á Íslandi, sem nú eru varðveitt í Landsbókasafni undir númerinu JS 422 4vo a og b. Þar er rit Odds nú að finna (JS 422 4vo b).

Heklulýsing Odds hefir ekki, eins og áður er að vikið, verið birt áður í heild sinni. Sigurður Þórarinnsson prentaði stutta kafla úr henni í Heklueldum, sem út komu 1968, og notast þar við stafsetningu Odds. Ástæðan fyrir því er, að Oddur fór fram á það við Finn Magnússon, að hann prentaði ritið með sinni stafsetningu. Oddur ritar eftir framburði og að því leyti er ritið gagnmerkt fyrir málfræðinga, sem vilja

kynna sér framburð á þessum tíma. Kaflarnir, sem Sigurður birtir, eru að mestu um upphaf gossins og um óðöngun í fénaði af völdum þess.

Markús Loftsson bóndi í Hjörleifshöfða birtir og kafla um þetta Heklugos í Riti um Jarðelda á Íslandi, sem fyrst kom út 1880 og aftur lengt árið 1930 (útgefið í seinna sinnið af Skúla Markússyni). Hann segir í athugasemd neðanmáls, í fyrri útgáfunni, að lýsingin sé orðrétt eftir riti Odds Erlendssonar. Sú lýsing er verulega styttri en sú sem hér birtist. Sigurður Þórarinnsson og fleiri hafa talið, að Markús hafi hér stytth og að hluta umskrifað Dagskrá Odds. Þegar betur er að gáð þá getur svo þó ekki verið. Í riti Lofts er Heklulýsingin ársett að þúfu 1848, en það er a.m.k. ári eftir að Oddur sendi Finni Dagskrána. Dagskráin hefir vafalítið farið beint úr safni Finns inn í safn Jóns forseta og hefir verið þar, er Loftur var að safna saman efni í Jarðeldarit sitt. Jón Sigurðsson var ekki þekktur fyrir að lána handrit úr safni sínu og eins vantar í rit Lofts margar af þeim frásögnum um fyrri Heklugos, sem er einmitt að finna í safni Jóns. Af ofanskráðu er ljóst, að Loftur hefir stuðst við annað handrit af Dagskránni en hér er prentað. Ég hefi gert allnokkra leit að þessu handriti en án árangurs og er það nú að líkindum glatað. Í handritasafni Landsbókasafns er annað handrit Lbs 2889 8vo með hendi Sæmundar Guðmundssonar frá Helli á Landi. Í því er meðal annars lýsing á Heklugosinu 1845-46 ásamt teikningu af gosinu. Þar er greinilega kominn enn ein útgáfan af riti Odds, þó verulega styttri og reyndar nokkuð ruglingsleg á köflum. Það leynir sér heldur ekki, að teikningin er að stofni sú sama og fylgir Dagskránni þó hún sé mun verr gerð.


Að ofanskráðu er ljóst, að Oddur hefir haldið eftir afriti af Dagskránni, sem hann virðist a.m.k. einu sinni hafa stytth og umritað; þ.e. á árinu 1848 og það hefir Loftur Markússon notað, eða aðrir hafa afritað og stytth, sbr. handrit Sæmundar Guðmundssonar.

Oddur Erlendsson skiptir riti sínu í fimm þætti eða kafla og fjalla fjórir þeir fyrstu um gosið sjálft en sá fimmti nær eingöngu um afleiðingar þess, einkum á búfénað. Aftan við þessa fimm þætti (í JS 422 4vo b) eru bundin tvö blöð með hendi Odds. Þar er stuttur kafli um eftirhreyttur gossins og er hann dagsettur 7. febrúar 1848. Í Nýjum Félagsritum 8. árg. bls. 185-186 er höfundarlaus grein undir titlinum Fréttir frá Heklu og er þar með sömu dagsetningu. Sigurður Þórarinnsson áleit þessa grein vera framhald af greinum Jóhanns Björnssonar í Kirkjubæ á Rangárvöllum. Hann skrifaði um gosið í Ný Félagsrit (6. árg. bls. 183-210 og 7. árg. bls. 234-241). Þessi grein getur þó ekki verið eftir séra Jóhann. Það fer ekki milli mála, að hún er eftir Odd á þúfu, en hefir verið "lagfærð", líklega af Jóni Sigurðssyni, eins og sést þegar texti handritsins er borinn saman við greinina í Nýjum Félagsritum. Við höfum kosið að nefna þennan viðauka 6. þátt til hagræðingar. Litmyndin sem hér er prentuð og er aftan við textann fylgir sjálfri Dagskránni.

Dagskrá Odds Erlendssonar er hér prentuð með nútíðar-

stafsetningu. Setningaskipan í handriti Odds er nokkuð óviss. Setningar og setningahlutar eru þar víða aðgreindar með kommu og semikomu. Hér er brugðið á það ráð að láta setningaskipan vera á þann veg sem nú mundi tíðkast, enda þá auðlesnari öllum almenningi. Þó er textinn samhengisins vegna ennþá nokkuð tyrfinn á stöku stað.

Helga Valdemarsson og Erling Ólafsson tölvusettu textann. Haukur Jóhannesson og Bergþór Jóhannsson færðu texta handritsins til nútímahorfs og Dóra Jakobsdóttir og Árni Böðvarsson lásu yfir lokahandrit og bentu á marga sem betur mátti fara. Þorfinnur Sigurgeirsson teiknaði kápu mynd eftir frummynd Odds Erlendssonar.



Hekla - Þúfa , afstöðumynd.

DAGSKRÁ UM HEKLUGOSIÐ 1845-6 OG AFLEIÐINGAR ÞESS

eftir Odd Erlendsson á Þúfu

22n dag febrúar mánaðar 1847

Rit þetta dirfist ég að tileinka Herra Finni Magnússyni Doktori í heimspeki, Etnasráði, Prófessori og Leyndarskjálaverði, Riddara af Dannebrog og Dannebrogsmanni m.m., með auðmýkt og virðingu, Oddur Erlendsson.

FYRSTI ÞÁTTUR

Þriðjudaginn annan dag septembermánaðar árið 1845 var veður spakt með skýjuðu lofti svo ei sá til sólar. Bliður vestanblær gustaði og veitti von um indælan dag. Áður hafði votviðri gengið litinn tíma og kalsaveður með suðlægum og útsynntum vindum. Hafði sumarið, þegar á allt er litið, verið hið indælasta, allt eins og veturinn áður hafði verið einhver hinn bliðasti sem menn muna. Vorið og sumarið voru fremur þerrisöm, og því hafði sláttur gengið vel sérdeilis hvað heyyaverkun snerti. Töður voru hirtar grænar og nokkuð af engi þegar hér var komið, en fyrir því að brugðið var veðri nokkru áður en hér segir, áttu menn úti hey nokkurt. Þennan morgun gengu menn til verka, eins og vandi var til, án þess að ímynda sér að nú væri friðurinn úti, er svo lengi hafði veitt blessunarrikan árangur störfum kynslóðar þeirrar er nú er uppi. Því hér fundust harla fáar manneskjur í nálægum héruðum, er lifað höfðu þá stund - fyrir 79 árum - er friður þessi þótti dýrmætur, og sýndi mönnum fram á hversu dýrmætur hann væri þeim er sviptast honum, enda lá nú fyrir oss að mæta sömu kjörum, þó oss væri hulið að svo mundi bráðan að bera.

Að ofanverðum dagmálum fóru í einu vetfangi að heyrast dunur og ofsaniður í austri með þvílíkum undirgangi að jörð iðaði við undir fótum manna. Var niður þessi þvítíkastur sem menn stæðu undir ógurlegustu árgljúfrum eða stríðasta öldufallshljóð. Fundu þeir sem voru í húsum inni hæga jarðskjálfta, 3 eða 4 þar er næst var fjöllum en ekki nema einn þar er fjær var, en þeir er úti voru að verkum staddir urðu þess ei varir. Sló þá upp á austur-landnorðurloftið blásvörtum myrkva æðmíklum, sem færðist allt í einu yfir gjörvallt norðurloftið til vestur-útnorðurs og allt upp í hvolfið, svo nálega varð sem hálfrokkið þar sem skugganum sló á jörðina hér fram í miðjar byggðir, og sögðu þeir er undir skugga þeim voru, að ekki hefði verið meira en vinnubjart á meðan myrkvi sá varði. En svo ískyggilegur varð myrkvi þessi sem mestu þrumuský, en þó ólíkur þeim að útliti til, því hann var líkastur myrkri einu en ekki skýjum, nema hvar öskugrá þokuský smá saúst á stangli. Haldi hann öll fjöll er undir honum lágu með niðmyrkri sínu, og var sem dimm nótt grúfði yfir þeim. Ég veit ekki hvað betur hefði getað vakið hjá sjónarvottum myrkva þessa hugmynd um Egyptalandsmyrkurinn fornu, hvernig þau hefðu orðið að líta út hjá Ísraelsbörnum sem bjuggu í Gósen, ef þetta hefði ekki verið til þess hæft. Margir urðu skelkaðir við sjón þessa og heyrn. Meintu sumir að þrumur mundu vera, en brátt varð augljóst við nákvæmari eftirtekt að svo var ekki. Aðrir meintu að óttalegur austanvindur mundi vera í nánd, sem hér byrjar oft með miklum nið í austurfjöllum, og að vísu sýndist austurloftið ekki ólíkt því að svo gæti verið, en þvílíkur niður hafði aldrei heyrst áður sem þessi hinn ógnarlegi er nú var. Til voru og þeir er meintu heimsslit komin vera. En þeir voru þó fleiri er sáu og heyrðu að þetta var af völdum Heklu-eldfjallsins, er svo oft áður hafði ógnað landi voru með eyðingu og dauða. Hún var nú gosin í 19da sinni - eftir því sem næst verður komist -

og var því ekki við fögru að búast eða nein furða þó mönnum brygði, er ekki höfðu átt slíku að venjast.

Bráðum fór nú myrkvanum að slá frá aftur, en loftið varð mjög ógurlegt þegar í rofaði, því þá voru sem eldgrágular vindginur til og frá um norðurloftið, þar sem fór að sjást í gegnum myrkvann. Eyddist hann þannig smám saman og færðist til fjalla; hvarf þá niðurinn mikli. Nú fóru að koma stórir skellir og dunur í fjallið öðru hverju, en ekki sást til þess héðan fyrir þokumökk er haldi fjöllin. Strax kom svo mikið vatnshlaup í Ytri-Rangá, sem hefur upptök sín í vestur-útnorður af fjallinu og rennur jafnsíðis því til sjávar vestan undir Næfurholtsfjöllum, að hún óx á bakka og varð nálega vellandi. Færði það með sér jökulfor mikla, svo áin varð ljósblá að lit - sem er þó annars tært uppsprettuvatn - og ófær að öllu leyti. Drapst þá allur silungur í henni, og rak upp mikið af honum. Fundust hér um bil 200 af honum á fáum bæjum miðsvæðis með ánni, og var það smæsta af silung þessum morkið af hitanum sem í ána kom. Þverraði hún samt aftur um kvöldið og varð fær yfirferðar. Eins fréttu menn að komið hefði hlaup í Markarfljót er skilur Landmanna- og Rangvellingaafrétti fyrir austan-landnorðan Heklu og sem rennur í Þverá. Flutti það með sér hlaup þetta í hana ásamt vikurkasti. Hafa vatnshlaup þessi komið af því að bráðnað hefur jökullinn af fjallinu, er orðinn var mikill eftir svo mörg ár og hefur steypst tvo vega niður frá fjallinu. Sáú menn að hlaup það er komið hafði í Rangá hafði steypst útnorður úr fjallinu, svo norður fyrir Sauðafell, sem er í sömu átt, og í gamlan snjóleysingafarveg norðan undir því og fallið síðan í Rangárbotnana eystri, sem liggja vestan undir fellinu. Hafði það grafið sig niður í urðir og grjót í farvegnum, svo djúpt sem árveg. Sáú menn þó merki til það hefði flóað vestur um Sand, allt vestur undir Rangárbotnana vestri er liggja í útnorður þaðan.

Sló nú öllum öskumökknum til austur-landsuðurs yfir Rangvellingaafrétt, austur á Skaftártungu, Síðu og allt Meðalland. Varð þar að líðandi dagmálum vart við öskufall er smám saman magnaðist svo að myrkt varð, og varð þá ljós að kveikja í húsum; sáu menn naumast hönd sína upprétta úti, og varði það fulla eykt. Féll þar mikið af ösku og smávikri. Þegar á leið dag fór að koma sífelldur undirgangur í fjallið og fjarska miklar dunur og brestir hastarlegir, svo líkast var sem jörð iðaði við undir fótum manna. Þó voru öngvir eins ógnarlegir og 2 brestir um miðjan daginn er svo voru snjallir og gegnumþrengjandi að skepnur urðu hræddar við; og einn er kom um sólsetur var þó þeirra mestur.

Svo stóð á að ég gekk einn á engjar að snúa heyi til til þerris, þar loft heiddi um kvöldið og líkindi þóttu til að þorna mundi veður. Fylgdi mér hundur einn er aldrei hafði við mig skilið, hvar sem ég hafði staddur verið, lagðist hann þar niður hjá mér en ég gekk að starfi mínu. En er ég hafði litla hrið að því staðið, kom brestur þessi hinn ógurlegi, fór þá hryllingur um mig allan, eða sem kallast "rann kalt vatn milli skinns og hörunds". Svo hnykkti mér við, en hundurinn stökk æpandi og rann heim til bæjar, svo

varð hann hræddur. Þá flúðu allir fullorónir hundar af Upplandinu suður Holt og komu sumir ekki aftur fyrr en að vikufresti. Nú var orðinn svo heiður himinn að fjallið sást og eldsbálið er upp gaus að vestanverðu í því. Var það ofarlega í gili því sem er að vestanverðu í fjallinu. Sló bálinu langt á loft upp, en þegar rökkva tók sást rás eldflóðsins niður eftir téðu gili og niður í dalverpi nokkurt er var fyrir neðan fjallið og hafði hraunflóðið þar staðar numið og fyllt upp dalverpið, og gaus þar upp bál mikið er stansinn varð á því. En handan við toppinn brunnu 2 eldar eigi minni en þessi og kom öskumökkurinn þaðan. Sáu menn glögggt glóandi grjóthríðina þjóta í loft upp á ýmsa vegu út úr eldsbálinu, sem óbráðin stórbjörg munu verið hafa.

Ýmsar meiningar voru um hvernig myrkva þeim var varið er sást um morguninn, því ekki gat það öskumökkur verið þar vindur var móttæður, og þótt nú svo hefði verið að ofurmagn Heklu hefði getað spennt mökkinn móti vindinum, þá sáust þess ekki menjar, og hefði þó öskufall hlotið að koma þar er myrkvann bar yfir. En þar þess varð ekki vart hlutu menn að ímynda sér annað fleira. Eitt með því líklegasta virðist, að öskumökkurinn hafi orðið fyrst í stað svo geysiákafur og þykkur, og stigið svo furðu hátt af ofurgangi eldgossins, að hann hafi myrkvað sólina á þessum stöðum, hvar myrkvan var yfir, og myrkvinn því einungis verið skuggi öskumökksins. Leiði ég þetta til líkinda af því, að myrkvinn minnkaði smám saman og varð gegnsær hér og hvar, svo loftið sást gegnum hann, bæði nær og fjar fjallinu, og hefur það verið þegar lina tók meginaflinu sem sprengdi fjallið og geta má nærri að verið hefur mest fyrst í stað, og öskuboginn smátt og smátt lækkað og þynnst, hvar fyrir sólin hefur farið að skjóta geislum sínum gegnum hið þynnsta af honum. Líka gat mikið hjálpað til að freka stærð og skugga mökksins, vatnsgufa sú hin mikla, er stigið hefur upp af jökulhlaupinu um leið það bráðnaði, og sáu menn menjar hennar stíga upp af Rangá að ofanverðu eftir að það kom í hana. Var það reykjargufa mikil sem úr kolagröf, og mun það þó að líkindum verið hafa lítið á móti því er stigið hefur upp af hlaupinu sjálfu áður það féll í ána. En að myrkvi þessi hafi verið gufan sjálf er enn ólíklegra hinu er áður er tínt, þó hver ráði sinni meiningu.

Það var orð á gert hvað mikið hafi heyrst til Heklu á fjærleggjandi stöðum landsins, bæði á Langanesi austur, í Ísafjarðarsýslu vestur, og í Grindavík í Gullbringusýslu suður, svo að hestar fældust á síðastnefndum stað. Meintu menn þó víðast að þrumur mundu vera; og séð hef ég af bréfi úr Eyjafjarðarsýslu að fólki hafi miklast hvað á hafi gengið þar nyrðra.

Miðvikudaginn 3ja dag septembermánaðar var hægur vindur en nú á vestan-útsunnan. Hélt því mökknum enn til austurs og á fjöll upp; sté hann þá svo geysihátt, að hæð hans var meir en þreföld við hæð fjallsins frá jafnsléttu, og hefur þó í raun og veru miklu meiri verið, því þess herra sem í loftið kemur hefur hann samanfergst fyrir sjónum vorum. Voru enn nú miklir brestir og stórdunur með sífelldum undirgangi, en

eldsbálið sást kvöld og morgun með sömu stærð og eldhraunið að stækka með reyk og svælu; var sem gneistaflug út úr eldrásinni eða sem glóandi grjót að hrynja niður eftir kringum hana. Nú fóru menn að búa sig undir fjallgöngur, til að bjarga fé sínu úr afréttum, er menn vissu í háska statt vera vegna ösku og vikurs er yfir það hlaut að drífa. Tveir menn fóru héðan úr sveit morguninn sama sem Hekla gaus, er voru sendir inn að Tungnaá (1), er skilur Landmannaafrétt og Þjórsártungur eður Holtamannaafrétt, til þess að gjöra við bát þann, sem brúkaður er til að ferja fé það yfir Tungnaá, er þangað er rekið á afrétt. Þeir menn voru á mótis við Heklu þegar hún gaus, en héldu þó áfram ferðinni þangað er heitið var; sáu þeir glöggð eldsbálið upp úr fjallinu þegar það sprakk út. Þeir sögðu svo frá, að um þessa daga hefði svo mikil vikurferð verið í Tungnaá, að ekki hefði orðið sökkt í hana pela til að ná hreinu vatni. Um kvöldið sáu glöggð menn þeir er næstir þuggu grjótið fljúga upp úr eldsbálinu, svo sem gneista og eldhnetti til að sjá, og falla niður aftur ýmsa vegu.

Fimmtud. 4. sept. var vindur kominn á landsunnan, hvass með regnskúrum og þoku til fjalla. Heyróust sömu dunur í Heklu en sást ekkert til hennar, nema lítið á köflum; stefndi þá öskuboginn útnorður á Hreppa-, Flóa- og fremst á Holtamannaafrétti.

Föstud. 5. sept. var hvass vindur á landsunnan með regni og dimmviðri. Heyróust þá lítið til fjallsins vegna stormsins nema á næstu bæjum við það.

Laugard. 6. sept. var þoka og vindur á sömu átt og regnskúrir. Riðu menn þá til fjalls af Landi hér og Holtum. Fór þá öskuboginn sömu leið og fyrri dagana, útnorður á afrétti, og svo hátt í lofti yfir Landmannaafrétti að saust hæstu fjöll undir hann, en þá var heiðara veður í öbyggðum.

Sunnud. 7. sept. var stormur og regn af sömu átt og heiðara veður til fjalla sem fyrr. Lá öskuboginn í sömu átt. Tóku nú dunurnar að vaxa að hníganda degi, en til eldsins sást ekki neitt fyrir dimmviðri.

Mánud. 8. sept. voru skúrir en þó sólarýn öðru hverju; gekk þá vindur til útsuðurs og sló öskumökknun inn á Landmannaafrétt, og gjörði myrkt hjá safnfólki um sólarroð. Heyróust dunur miklar um daginn, en um kvöldið heiðdi svo til að bálið sást þá dimma tók. Var þá allt fjallið að sjá með eldslit að ofanverðu.

Þriðjud. 9. sept. var vindur á haf-útsunnan, hægur og hélt mökknum meir til útnorðurs aftur. Þrumur og brestir voru miklir og eldsbálið við sama. Þennan dag var það að menn skoðuðu fyrst Heklugosið. Riðu þangað 6 menn af Rangárvöllum, meðal hverra voru Ásmundur prófastur Jónsson á Odda, Jóhann prestur Björnsson á Kirkjubæ, Gísli Einarsen Cand. Phil. á Selalæk og Loftur hreppstjóri Loftsson á

(1) ávallt Túná í hdr.

Kaldbak. Fóru þeir svo nærri eldhrauninu að þeir kveiktu á kalviðarstöngli í eldinum og tendruðu þar við tóbaksvindil, sem er vottur þess, hvað áreiðanleg hefur verið meining þess er ritaði þá Konunglegu Skuggsjá, að Heklueldur brenni ekki við né aðra brennilega hluti og sem enn þá hefur, ef til vill, naumast verið útdauð. Í Selsundi og Næfurholtí - sem eru næstu bæir við Heklu - þorði fólk ekki að hafast við fyrst um sinn eftir gosið, og flúði því með búsmala sinn á fjærliggjandi bæi. Það var og viðsjárvert að dvelja á bæjum þessum meðan ekki sást fyrir hvaða stefnu eldurinn tæki, enda mun það ekki hafa verið óttalaust að heyra á firn þau sem á gengu í fjallinu, þegar dunurnar voru sem mestar, á svo nálægum stöðum. Samt fluttist fólk þetta heim aftur að fáum dögum liðnum, þegar ekki sást skaðavon af eldinum fyrst um sinn.

Miðv.d. 10. sept. var vindur á landsunnan með skúrum svo mökkinn lagði útnorður á fjölli og var hann orðinn vægari en áður. Dunur voru enn þá miklar, þó vægari væru en fyrstu dagana. Mórauður reykur gaus hér og hvar upp úr eldhrauninu, en eldsbálið var líkt og áður. Dalverpi það er hraunflóðið hafði staðnæmst í var nú orðið fullt af því, og sögðu kunnugir menn að verið hefði meira en 20 álna djúpt og þó hafði hraunið verið fullt eins hátt upp af bökkum þess, og hlotið því að vera á milli 40 til 50 álna hátt og hér um 2 mílur ummáls.

Fimmtud. 11. sept. var hvass vindur á sömu átt og skúrir en þó sólarýn öðru hverju. Þá var eldurinn svo bjartur að nálega lýsti af honum í dægramótin hér langt fram í sveit. Dunurnar voru svo harðar að þær heyrðust gegnum ys og hávaða í Landréttum er þá voru haldnar.

Fjallsafn var nú í fæsta lagi sem menn mundu, því dagana áður var féð að koma stökkvandí í stórhópum fram í sveit með jarmi; stöðvaðist það ekki fyrr en langt í byggð frammi, og lá þá um kyrrt í 2 og 3 daga þar er það tók stöðuna. Var allt fé grátt af öskunni, og gulhólsótt það er á skógunum hafði gengið; eins var það með gulleitum lit bæði á hornum, klaufum og fótum. Er það skynsamra manna meining að málm- eða brennusteinssaft úr Heklu hafi sest utan á skógana, og hafi það því fengið þennan lit er það var á beit innan um þá. Margt af fénu var brunnið á klaufum, bæði hér og á Rangvellingaafrétti, og kvað þar svo mikið að því að klaufirnar voru gengnar upp í beran köggul og blæddi úr sumum; varð það því að bita á hnjánum og sumu varla líft.

Landmannaafréttur var mjög skemmdur, helst austurleitirnar, svo þar var askan víðast í kálfa og stundum í sokkaband og þess vegna að mestu leyti af öll grasbeit; en að framanverðu á honum var Sölvahraun mest skemmt en miðbik hans eytt. Var vikurlag undir öskunni alls staðar hér um kvartils þykkt.

Í Reykjadalunum, sem eru skammt inn af Heklu, sáust fáir hverir rjúka og eru þeir þar þó ótal, og ætíð vanir því áður.

Rangvellingaafréttur var mjög skemmdur af ösku og vikri, og fundust klifsteinar af vikri á honum þar er næst lá Heklu, er allir höfðu sprungið er niður komu. Þar voru og þær heitu lindir, er vanar eru að vera vellandi, ekki meira en nýmjólkurvolgar. Margt af fé því er þar gekk var hlaupið á jökla og hér um bil 80 fjár fannst þar á jöklum uppi, af Landmannaafrétti. Var það flest verr til reika en það er kyrrt var á honum; og mælt er að 3 kindur hafi fundist rotaðar hver skammt frá annarri, á afrétti þessum, og hafi það verið 2 kindur fullorðnar og eitt lamb. Holtamannaafréttur var lítt skemmdur og flestir Árnessýsluafréttir, utan miðbik Gnúpverjaafréttar.

Föstud. 12. sept. var vindur á haf-landsunnan og hélt öskubognum sömu leið og áður. Veður var þurrt og sólskin. Dunur voru miklar í fjallinu og jukust við úthöllun dags; voru þær við kvöldið nálega eins harðar og fyrstu dagana. Reykjarsvæla mikil sté upp úr eldhrauninu, sem var mikið ummáls til að sjá, en eldrásin var ekki eftir öllu gílinu, og sýndist sem eldurinn logaði hægt og stillt hérna megin í hraunflóðsgjánni. En þegar mestar voru dunurnar sáust gjósa upp úr toppnum eða öskugjánni stóru, óttalegir eldhnettir og eldsbál. Flugu hnettir þessir langt upp um mökkinn og féllu niður aftur. Hlaut það að vera glóandi grjót. Hafði lýst svo mikið af eldflugum þessum á næstu bæjum við fjallið að albjart hafði orðið í húsum við skíma þann er af þeim lagði á gluggana. Svo hafði og verið á bæjum þeim hinum sömu bæði nú og fyrri þá umbrotin voru mest í fjallinu, að nálega heyrðu menn ekki hver til annars á meðan dunurnar voru harðastar, enn síður getað haft svefnró fyrir hávaðanum og sífelldum ókyrrleika á næturnar.

Laugard. 13. sept. var kominn hægur vindur á norðan með þykku lofti og hreti öðru hverju; var þó landsynntur á mökkinn og setti hann vestur sem fyrr, en norðan-vindurinn orsakaði nú að honum sló framur og vestur yfir Upplandið og Hreppana hvoru tveggja. Kom þá öskufall á téðum stöðum, og var það sá fyrsti dagur er þess varð vart hér í byggðinni, en dunur voru enn í fjallinu.

Sunnud. 14. sept. var vindur á norðan-landnorðan. Var fyrst regn um morguninn, en skipti skúrum að mögnum degi; var þó enn á austan-landsunnan á fjallið, svo öskumökkinn, sem nú var æðimikill, lagði nú hátt í lofti allt vestur yfir Laugardalsfjöll. Ofanverðan dag dróst saman myrkvi mikill í norðrinu og sló sér saman við mökkinn. Heyrðust þá þaðan þrumur 2, ákaflega miklar, sem byrjuðu í norðri og gengu til austurs, og var sem hljóð þeirra slægi sér saman við dunurnar í fjallinu svo að bergmálaði í kringumliggjandi fjöllum og því líkast sem lenti í því á endanum. Urðu að þessu brestir og ólæti svo mikil að skepnur hrukku við og fældust. Að öðru leyti voru dunur miklar í fjallinu, en öskumökknum sló við kvöldið meira til útsuðurs, og var þá vart lítils öskufalls hér.

Mánud. 15. sept. var stormur á norðan-landnorðan en lygndi nokkuð að mögnum degi. Gjörði þá helliskúr, og í því sama lagði öskubogann hér út yfir allt Land og báða Hreppana í

Árnessýslu, með grófu öskufalli. Hætti þá fénaður að bíta grasið, en æddi um jörðina og hafði hvergi elju, því hún var öll blágrá af öskunni. Var þetta hið óhollasta öskufall er kom með skúrinni, því það límdist við stráin svo þau visnuðu upp smám saman, fyrst undan sandkornunum sjálfum og síðan allt grasið á endanum. Dunur voru enn þá miklar og eldsbálið, en það sást ekki glöggð hvað því leið vegna öskumökksins. Snéri honum smám saman að aftni dags fram yfir Rangárvelli utanverða, og um nóttina yfir þá alla, því vindurinn færði sig meir til norðurs. Féll þar því aska mikil.

Þriðjud. 16. sept. var hér hvass vindur á landnorðann; hélt öskumökknun til suðurs og yfir Rangárvellina. Loft var skýjað og lítið sólskin. Þá var ákaflega vondur fnykur í lofti úr fjallinu. Hafði hann að sönnu fundist fyrr, en aldrei eins vondur og nú. Var hann líkastur þeim er leggur upp af ýmsum sjóarvíkum, hvar þarabrúk liggur og fúnar, en ólíkur var hann brennusteinsþef eður svonefndri jöklaflýlu.

Miðv.d. 17. sept. var stormur á norðan, frost og heiðviðri. Sló þá mökknum suður á Tindfjallajökul, fram yfir Fljótshlíð, Landeyjar og Eyjafjöll. Féll þá aska mikil á jökulinn, svo hann varð að skömmu bragði svartur af henni. Dunur voru miklar í fjallinu og sama eldsmagn sem áður. Sást jafnan eldsbál upp úr toppgjánni stóru, er svo var mikið að roðanum sló langt á loft upp. Voru uppköst elds þessa líkust því, er brimboðar rífa upp og falla aftur á sæ úti. En eldflóðið var hérna megin með sömu stærð og áður, en þó var sífellt eldrennsli eftir gílinu og hraunið stækkaði töluvert.

Fimmtud. 18. sept. var stormur á norðan með sama frosti og heiðvirði; hélt mökknum sömu leið, og þó meir til suður-landsuðurs. Voru þá þvílíkar dunur og brestir í sífellu í fjallinu sem mestu reiðarþrumur frá því um nóttina áður og til þess undir dag á föstudaginn, næstum 3 dagar, og eftir því var eldsbálið. Hraunið var líka að stækka og renna niður eftir. Var það komið allt að Melfelli, fjalli einu litlu er liggur snertukorn fyrir austan Næfurholt. Segja þeir er séð hafa hraunið, að það sé sem eldsglóið til að sjá, nema einstaka steinaflekkir svartir innan um, því strax sem hraunið er búið að fá kalt loft fer það efsta strax að kólna, en undir yfirborði þess er allt fljótandi, sem af ofurmagni eldsins lyftir upp hraunskorpunni og vellur svo áfram æ lengra fyrir liðveislu hinna nýju uppkastanna; er þá sem marri og hringli í því. Hafði verið sjónarmunur hvað mikið það hafði haldið áfram á litlu tímabili um þessa daga. En svo var hæð þess mikil að ekkert sást til fjallsins þá staðið var undir brún þess.

Föstud. 19. sept. var hægur vindur á norðan með frosti og heiðviðri; hélt mökknum sama. Voru þá dunurnar orðnar vægari en eldsbálið sama.

Laugard. 20. sept. var sama veður. Voru þá mýrar farnar að halda og hvergi torf þítt, sem nýlunda er svo snemma á hausti. Þá heyrðist lítið til fjallsins, en eldflóðið með

sama móti. Hélt mökknum sömu leið og fyrr. Er það mælt að á austanverðum Rangárvöllum hafi öskufallið mælt verið í íláti og hefði orðið 2ja þumlunga þykkt á eyktartíma.

Eftir að gjörði hér öskufallið (þ. 15da) bráðgeltist svo búsmali að undrum sætti, svo að tíðast urðu 5 merkur úr 5 kúm þar best lét, líka 3 og 4 úr jafnmörgum sums staðar. Sama var um féð að segja, að þar sem fengust 9 og 10 merkur daginn sem askan féll, fékkst ei nema 1 og 2 daginn eftir. Kýrnar átu hvorki heyið inni né grasið úti, sem verið höfðu úti í öskufallinu, enda fóru þær að horast niður; en þær sem ekki voru látnar út öskufallsmálin átu vel og græddust eftir hætti. Allt um það beittu sumir kúnum ávallt, þó til einskis væri. Að vísu fór öskufallið að blása af grasi norðan á móti, en það hæstist samt af ryki er storminum fylgdi. Var fénaður allur síþyrstur og sídrekkandi. Hross voru ei nema með hálfan kvið og fóru sums staðar strax að slakna, en af efstu bæjum á Landinu fóru þau að flýja þangað er minna var öskufallið.

Sunnud. 21. sept. var vindur á sömu átt og frost en lygnði og gjörði hita að mögnuðum degi. Rauk þá í minnsta lagi úr fjallinu og dunur litlar, en eldurinn með sama móti, helst hérna megin. Var nú eldhraunið komið niður að Melfelli og báðum megin þess. Hélt það svo ákaflegu áfram, að því miðaði nálega um 200 faðma á tveim dögum, og mest að norðan- og vestanverðu við fellið, svo suðurendi þess var einungis óumkringdur af hrauninu, og þótti nú voðalegt að hafast við í Næfurholti lengur; ætlaði því fólk að flytja sig þaðan eftirfylgjandi daga.

Mánud. 22. sept. var logn, en frost og hrím. Gekk vindur til útsuðursættar og gjörði regn svo hvorki heyrðist né sást til fjallsins.

Þriðjud. 23. sept. var hvass vindur á landsunnan og stórrigning síðari part dags og fram á nóttina. Sást þá enn ekki til fjallsins né heyrðist. Var nú allt lauslegt flutt frá Næfurholti ásamt fólki og fénaði, þangað er óhultara virtist.

Miðv.d. 24. sept. var hægur vindur á útsunnan og sunnan með skúrum en sólskin seinni partinn. Heyrðist ekki nema einstöku sinnum til fjallsins. Mökkurinn var ekki mikill og sló til fjalla, en eldhraunið var að stækka.

Fimmtud. 25. sept. var logn og hrím, sólskin og heiðviðri með vestangusti; sló því mökknum til austurs og var hann meiri en áður. Voru þá ljósbláir reykir að gjósa upp úr eldhrauninu, áþekkir hverareykjum, en aðalreykurinn úr því var blámórauður þar er eldrásin lá.

Föstud. 26. sept. var logn, en andaði af vestri og lítið sólskin. Harðir eldþytir voru í fjallinu við kvöldið, svo snjallir sem snjöllustu frostbrestir. En til þess sást lítið; þó varð vart við að mikill mökkur gaus' r því og sté hátt.

Laugard. 27. sept. var hvass vindur á vestur-útnorðan og élhrakningur á lofti en sólarfyrir. Mökkurinn var nú aftur minni, en eldhraunið stóð við í stað þar er að Næfurholti vissi, en hlóðst hvað ofan á annað fyrir innan Melfell, en þar gat það ei áfram haldið fyrir öldu einni er Markhlið er nefnd, og fleiri sandaldna er þar liggja. Um nóttina hafði komið hér lítið öskufall, en þó ekki svo að það spillti jörð til muna. Eldsbál var mikið.

Sunnud. 28. sept. var sama veður og vindastaða og lítill frjósandi. Sást lítið eitt til fjallsins um daginn, en um kvöldið og nóttina eftir var eldsbál mikið hérna megin, og eldhraunið allt glóandi niður fyrir Melfell, en þó einkum fyrir norðvestan það, en upp úr toppgjánni sást enginn eldur.

Nú voru kýr farnar að drepast, því sumum var orðið illt fyrir löngu eftir öskufallið og helst þar er frekast var beitt. Dóu 1 og 2 á bæ, svo nú voru dauðar 10 samtals hér á Landinu. Fénaður fellði sig betur við jörðina eftir regnið sem kom þ. 23. þ.m. því hún hreinsaðist þá vel, en aska sú er féll á laugardagsnóttina næstu áður var ei svo mikil að stórum spillti aftur. Þó var nú fé farið að leggja af. Inn á fjöllum var ætíð öskubylur, þegar hvessti, af öskunni er þar var.

Mánud. 29. sept. var logn og frjósandi á norðan og sólskin öðru hverju. Snjór hafði fallið á fjöllum kvöldið áður, voru þau því gráhvít, eins Hekla. Sást þá betur en endranær ummálsvidd eldhraunsins, því það var snjólaust af hitanum og var það æðmikið tilsýndar. Eldurinn var nokkru vægari.

Þriðjud. 30. sept. var hvass vindur á útnorðan og nærri frostlaust; hélt þá mökknun sama, þó meir til landsuðurs. Var sólarfyrir og snjór bráðinn af fjöllum. Eldur var við sama. Þennan dag skoðuðu þeir Stifamtmaður v. Hoppe, Jón kandiðat Sigurðsson og séra Jón Torfason á Stóruvöllum eldhraunið, sem enn stóð við sama, nema hvað það var að hækka.

Miðv.d. 1. dag októbermánaðar var hvass vindur á norðan, frostlítið og sólskin og ryk. Lítil voru umbrot í fjallinu og eldurinn með vægara móti, en toppeldurinn sást ekki.

Fimmtud. 2. okt. var hægur vindur á norðan, sólskin og frostlítið. Lagði öskubogann fram yfir Rangárvöllu austanverða, Hlíð og Hvolhrepp. Voru þar flestar skepnur á gjöf nema hross, vegna öskufallsins er kom í fyrra norðanveðrinu. Hraunið var nú við sama og gusu logar upp úr því hér og hvar. Sögu þeir menn er að því komu, að verið hefði sem steinkolalykt úr þeim mórauða reyknun, en steinar þeir er teknir voru úr hrauninu voru ærið bragðillir.

Föstud. 3. okt. var logn með skýjuðu lofti, en sólarfyrir og frostlaust; gekk þá vindur til útsuðursættar. Þá var lygnt á mökknun og sté hann æðihátt og margfaldaðist mjög, því fjallið rauk ákaflega; hélt honum á fjöllum upp. Sást þá

toppeldurinn einstaka sinnum, þó með hægð, og eldflóðið var líka í minnsta lagi.

Laugard. 4. okt. var vindur á landsunnan og vindmistur. Hætti nú að sjást til fjallsins því að hallandi degi gjörði vætu og hvessti. Sló þá mökknum norður á óbyggðir. Þessa viku heyrðist nálega ekkert til umbrota í Heklu og voru bæði elds- og öskuuppköstin með vægara móti. Jarðskjálfta segja menn harða og tíða í Biskupstungum og einkum nálægt Geysir; er hann hættur að spúa. Einnig segja menn að Reykjahverir í Ölvesi séu farnir að hægja á sér að rjúka. Mælt er að 15 eða 16 kýr séu dauðar í Hreppunum af öskusýkingunni, nokkrar hafa dáið í Holtunum og eins í Hvolhreppnum, en tala þeirra er mér óljós. Í Skaftártungunni segja menn orðið hafi að járna hross vegna vikursins, og 2 trippi höfðu fundist í Búlandsheiðinni er lengi höfðu vantað. Höfðu þau verið hóflaus upp í tábein.

Sunnud. 5. okt. var hvass vindur á landsunnan með dimmviðri og skúrum. Fundust 2 jarðskjálftar í ljósaskiptunum kvöldið áður og aðrir 2 aftur um nóttina. Umbrot voru í fjallinu um nóttina og sló reyknur vestur af því og niður á jörð. Sást því lítið til eldsins, en upp úr eldhrauninu voru sem hverareykir hvítbláir að á lit og mátti oft telja 10 og þaðan af fleiri. Voru þeir fyrir norðan og vestan Melfell, en fyrir austan og sunnan það var ljósmórauður reykur, áþekkur steinkolasvælu.

Mánud. 6. okt. var vindur á sunnan og skúrir. Voru þá harðir og snöggir eldþytir og eldflóðið orðið aftur mikið. Þá sást og toppeldurinn, er legið hafði nokkra daga niðri.

Þriðjud. 7. okt. var vindur af sömu átt, en sólarsýn stundum. Dunur voru sem fyrr en mökkurinn ekki ákaflegur, En þótt ekki sæist vel til, virtist eldflóðið vera við sama.

Miðv.d. 8. okt. var hægur vindur á austan og skýjað loft, helst að hníganda degi. Þá varð vart öskufalls hér, en til eldflóðsins sást ekki vegna þoku og öskunnar er sló vestur af fjallinu, en dynkir og brestir voru æðimiklir, helst um kvöldið og nóttina eftir, svo skepnur hrukku við. Þá fannst hægur jarðskálfti.

Fimmtud. 9. okt. var enn þá hægur vindur á austan og stundum sólarsýn. Var öskufall enn þá og sömu umbrot og skellir. Rauk mikið upp úr eldhrauninu báða þessa daga, þó meira fyrri daginn; eins rauk mikið úr eldgilinu og var sá reykur mórauður. Virtist mönnum hraunið að stækka.

Föstud. 10. okt. var hvass vindur á austan en sólskin. Lítið var um öskufall, en dunur voru miklar um nóttina og fram eftir deginum. Reykjarsvæla mikil sté upp af hrauninu fyrir sunnan Melfell en bláir reykir fyrir vestan það og sýndist mönnum það hafa þar stækkað. Um kvöldið var eldflóðið mikið tilsýndar en toppeldurinn sást ei, enda huldí þoka fjallstindinn að ofanverðu. Þá gaus upp eldslogi

mikill úr miðju eldhrauninu, eigi lægri en annar eldur í fjallinu þá hæstur var, en lægði þó stundum.

Laugard. 11. okt. var hægur vindur á landnorðan og sólarýn. Sást og heyrðist lítið til fjallsins því þoka fal það að ofan, en öskunni sló vestur af og á eldhraunið. Sást því ekki til elds um kvöldið, nema lítið eitt, en roði var geysilegur á þokuskýjunum.

Sunnud. 12. okt. var vindur á norðan og tíðast sólskin. Var öskumökkurinn meiri en áður og eldur var mikill, en lítið heyrðist til fjallsins.

Mánud. 13. okt. var norðanvindur með skýjuðu lofti, moldryki og stormi, og sífelldar dunur í fjallinu svo heyrði gegnum storminn. Sást þá til toppeldsins um kvöldið, en allt fjallið var eldslitað af roða, er á það sló af bálinu hérna megin, sem ekki sást þó glöggvægna moldryks er þá var.

Þriðjud. 14. okt. var vindur á norðan og sólskin. Lítil niður var í fjallinu, en ákaflegur öskumökkur gaus úr því; sló til suðurs en sumu til útnorðurs því hann var tviáttaður til fjallsins. Sáldraðist öskufall hér yfir þó lítið bæri á, því norðanvindurinn spennti úr þverum öskuboganum öskuna hingað yfir. Eldsbálið var nú í mesta lagi, þó var toppeldurinn ekki uppi. Norðast í eldhrauninu sást eldsglóð mikil, því aðaleldrásin lá þangað, og er hún á við Þjórsá að breiddinni til, jafnaðarlegast, þaðan að sjá er best liggur við. Út úr henni lá nú eldkvísl er stefndi fram á milli Melfells og Heklu og náði fram á mótis við fellið; var hún mjórri en aðalrásin. Þennan dag á öndverðu nóni dró þokuský lítið fyrir sólina, sem ekki var þykkara en svo að hana var að sjá í gegnum það. Varð hún blóðrauð á meðan skýið leið fyrir hana, en strax er það hafði frá henni, var hún sem áður. Hafði þess aldrei orðið vart fyrri. Herti nú á öskufallinu um nóttina, helst á Upplandinu.

Miðv.d. 15. okt. var logn og þykkviðri á sunnan. Heyrðist þá nokkuð, en sást ekki til fjallsins. Ruku þá bláir reykir upp úr eldhrauninu fyrir norðan Melfell. Lítið sást til eldflóðsins vegna vætu er gjörði að hníganda degi. Spillti væta sú jörðunni, því askan sem fallið hafði dagana áður, klesstist við grasið. Var hún þó ekki meiri en svo að laufgresi allt sýndist grátt er skoðað var.

Fimmtud. 16. okt. var logn, norðlægur og sólskin. Sást lítið til framan af deginum, því þoka huldi fjallið, en hafði frá að kvöldi, og voru þá mökkurinn og eldflóðið í meira lagi.

Föstud. 17. okt. var lítill gjóður á sunnan-útsunnan. Hafði fryst nóttina áður og kastað úr éli svo jörð var grá, en hæg slydduél voru um daginn og sólskin á milli. Snjóaði þá á fjöllum. Sást því glöggvara til eldhraunsins, er ekki festi snjó á (sem geta má nærri), og var það geysihátt tilsýndar. Um nóttina eftir braust eldflóðið niður eftir, lítið framar en gamla eldrásin, miðsvæðis niður á eldhraunið, og náði skammt niður á það. Báða þessa daga gaus makalaust úr fjallinu af reyk og ösku, en hélt nú til fjalla.

Laugardaginn 18. okt. var logn á sunnan og sólskin. Var öskumökkurinn sem fyrri, en ekki heyrðist til fjallsins nú né 2 dagana næstu áður. Um kvöldið braut eldflóðið sér enn nýja rás útsuður af öxlinni að stefnu á Selsund. Voru nú orðnar 3 eldrásirnar úr gíg þeim er vestan í fjallinu var, og sem hraunflóðið hefur komið úr. Samt lá toppeldurinn niðri þessa daga. Þessa fyrirfarandi viku hefur jörð verið mjög óholl fyrir skepnurnar af öskufallinu er kom framan af henni, og spilltist mjög við vætuna þ. 15da þ.m. Eirðu þær því ekki á haga en lögðust á heygarða hvar þær náðu til, eins og þær gjörðu í fyrra öskufallinu (í september). Voru þær farnar að missa kvið og tapa holdum.

Sunnud. 19. okt. var lítill gjóður á norðan og frjósandi. Var heiði yfir fjallinu þá fram á daginn kom, en bliku dró fyrir sólu. Var snjór lagður á Heklu og sást nú í besta máta til hennar og eldkvíslanna er nú voru 3. Festi ekki snjó á þeim, sem geta má nærri, né heldur á eldhrauninu milli þeirra. Mæla ég nú að lýsa afstöðu og útliti þeirra nokkuð nákvæmara.

1. Gamla aðaleldrásin, úr hverri allt þetta eldhraun hafði komið, er haldi allt undirlendi í kringum Melfell norður á mótis við háðluna fyrir norðvestan Heklu, allt fram á milli Melfells og Markhliðar, allt á milli Heklu og Melfells og það fram undir hnúkana fyrir norðan Bjólfell sem er langt í útsuður frá Heklu. Var hraun þetta orðið svo hátt að ekki var orðið meir en lítils háttar hallandi vestur af öxlinni, hvar verið hafði áður brekkumagn mikið. Lá eldrásin norðarlega á hrauni þessu, fyrir norðan Melfell til útnorðurs. Var hún á við Þjórsá að breidd, sem áður er sagt.

2., eður miðkvíslin, lá vestur af miðri öxlinni, upp á hverri eldgígurinn var, og niður á eldhraunið að stefna á Melfell. Var hún sem breiður lækur.

3ja, þriðja eður syðsta eldkvíslin, lá suður af öxlinni að stefna á Selsund fyrir handan Bjólfell. Var hún enn ekki komin meir en miðsvæðis niður eftir fjallinu en færðist óðum áfram. Var breidd hennar á við miðkvíslina, og var hún þeirra björtust. Efst uppi við gíginn var þríhyrndur eldflekkur, ákaflega stór. Lá eitt hornið upp í gíginn, en úr hinum hornum hans lágu eldkvíslirnar norður og miðkvíslin úr norðurhorninu en sú syðsta úr suðurhorninu. Af þessu var fjallið allt svo að segja sem ein eldsglób um kvöldið, því hraunið á milli kvíslanna var með eldslit, þó hann væri ekki eins bjartur og í kvíslunum sjálfum; lagði þá roða langt á loft upp. Um morguninn rauk ákaflega úr fjallinu og sté mjög hátt, nálægt eins og fyrstu dagana. Var það fögur sjón að sjá hvernig askan og eldgufan blönduðust saman, og beltuðust hver um aðra, svo þegar sólin skein á jaðra þeirra, leit það út eins og fegurstu skýbólstrar. Þá sáust reykirnar aðskildir upp úr fjallinu og voru þeir 3. Sá syðsti var upp úr eldflóðsgígnum hérna megin, var hann hvítblár að lit og minnstur um sig. Annar var upp úr toppnum, lítið norðar og austar en hinn, úr gjá þeirri er toppeldurinn mikli hafði sést úr koma, var hann nú nokkuð blárri en áður, og mestur um sig. Sló reykjum þessum saman strax fyrir ofan topp

fjallsins og ruku ávallt. Þriðji reykurinn kom upp norðan til við miðhnjúkinn á fjallinu. Var hann myrkblár að lit og nærri því eins ummáls og miðreykurinn. Gaus hann ekki upp nema köflum saman og sló sér þá saman við hina, en hætti hreint á stundum. Voru þeir tveir síðartöldu öskureykir, en sá fyrsti var eldgufureykur. Virtist nú sumum sem fjallið hefði lækkað og að vísu var skáhallinn miklu minni niður á suðuröxlina en áður það gaus; en það var athugandi, að menn höfðu aldrei séð heiða síðan jökullinn bráðnaði af henni, og má nærri geta, hann muni hafa verið orðinn þykkur, eftir meira en 70 ár, þar hann aldrei þiðnaði á sumrum, en jókst þó æ á veturna, og mun því lækkan hennar verið hafa mest innifalin í hvarfi hans, en ekki því að fjallið hryndi í sjálft sig, sem enginn getur fallist á er hefir rétta hugmynd um eldgosið. Móraður reykur stóð upp úr norðureldkvíslinni. Var hann hærri en fjallið og æðimjór. Sáust smáreykir víðar um hraunið, sumir bláir en sumir með sama lit og sá áðurtaldi.

Mánud. 20. okt. var norðanandi og frost, en nærri logn. Gekk vindur til suðursættar að kvöldi og gjörði votahrím. Sást mökkur mikill úr fjallinu um morguninn, en að hallandi degi sást aldrei til þess framar, nema roði aðeins.

Þriðjud. 21. okt. var rigning á sunnan en skúraskipti þegar fram á kom. Sást þá næstum ekkert til.

Miðv.d. 22. okt. var stormur á útsunnan, eljagangur og hægur frjósandi. Þá var næstum því ekkert eldrennsli í norðustu eldrásinni gömlu, en þeim mun meiri aftur í hinum, og mestur í syðstu kvíslinni, en mökkurinn var ekki mikill.

Fimmtud. 23. okt. var ofsastormur á sunnan með stórum regnhryðjum fram undir hádegis, minnkaði þá og vægði storminum að kvöldi dags, frysti og gekk til útsuðurs. Eldurinn var mikill tilsýndar og hafði suðurkvíslin slegið sér vestur á að neðanverðu.

Föstud. 24. okt. var logn og frost af sömu átt og sólskin. Rauk þá ákaflega úr fjallinu og sté fjarska hátt. Að hniganda degi dreif lognsnjó í frostlausu í sokkaband. Sá þá ei framar til fjallsins.

Laugard. 25. okt. (á vetrardag hinn fyrsta) gjörði drifanda öðru hverju og skarffjúk því vindur var af norðri og frost. Þá rauk minna úr fjallinu en fyrri daginn, en snjór hélst ekki á því nema lítið eitt á suðuröxlinni hærri, en hitt allt var autt af ofurgangi eldsins er þá var enn sem fyrri; en dunur eða eldpytir höfðu ekki heyrst þessa viku. Ekki kom hér heldur aska, því öskumökkurinn hélt nú til fjalla.

Sunnud. 26. okt. var hvass vindur á norðan með frosti og heiðvíðri og skarffjúki, helst um kvöldið. Sté þá mökkurinn fjarska hátt, því logn var á fjallinu. Eldflóðið var æðimikið og bjartast í suðurkvíslinni sem nú beygðist í olnboga til norðurs að miðkvíslinni, og í norðurkvíslinni gömlu rann nú aftur nokkuð af eldflóðinu. Líka sást

toppeldurinn uppi, er lengi hafði niðri legið. Var þá allur fremri hluti fjallsins sem í einum loga.

Mánud. 27. okt. var þungavindur á norðan frost og heiðríkja, en þó skarfjúkslaust. Tók þá að rjúka svo frekt úr fjallinu að mögnuðum degi og þaðan af að dimma tók í öllu landnorðri. Sló síðan öllum mökknum vestur yfir Landið og Hreppana. Undir kvöld varð öskumökkurinn svo mikill að hann huldí hálfan himin (frá austur-landsuðri til vestur-útsuðurs) og svo var hann svartur, að var sem hlákumyrkur í norðri og vestri. Kom þá mikið öskufall hér. Eldurinn sást stundum alls ekki vegna mökksins, en virtist þó vera fullt eins og fyrri.

Þriðjud. 28. okt. var kylja á norðan og frostlítið. Var þá snjór allur kolsvartur af öskunni og féll hún þó enn með ákefð fram undir hádegi. Voru fannir af henni alls staðar í hlé, þó var hún öllu meiri sem ofar var og utar. Að hníganda degi sló mökknum nokkuð frá og vægði uppköstum hans, en þá hætti öskufallið. Eldhraunið rann þá í öllum kvíslunum og var allt hraunið glóandi.

Miðv.d. 29. okt. var gjóður á norðan, hægt frost og sólskin. Var nú mökkurinn aftur orðinn meiri og sló vestur yfir Landið um Skarðsfjall og út um Hreppa, því sunnanátt var á fjallinu. Hægði honum þó um kvöldið og sló frá. Var þá eldurinn sem áður.

Fimmtud. 30. okt. var sunnangjóður og þiðviðri en sólskin. Öskumökkurinn var nú lítill og hélt til fjalla, en eldur hinn sami.

Föstud. 31. okt. var sama veður á sunnan og slaknaði snjór. Lítill mökkur en sömu eldsuppköst og fyrri; líka var toppeldurinn uppi þessa daga.

Laugard. 1. dag nóvembermánaðar var skýjað loft og hægur vindur á sunnan og landsunnan. Mökkurinn var nokkuð meiri en áður; en nú var syðsta kvíslin búin að slá sér saman við miðkvíslina niður á miðju hrauninu, en ekki sér maður hvað því líður að neðanverðu, sumsé á milli Melfells og Heklu og þar fram efir, því hnjúkarnir fyrir norðan Bjólfell bera á milli en fyrir norðan Melfell stækkar það ei núna, svo menn sjái.

Hér varð nálega haglaust þessa viku af öskufallinu og því meir er ofar var á Landinu. Var allur snjór svartur sem sandur og var aska þessi blásvört á lit, bragðlaus þó tuggin væri og smá sem hveiti, en þó snörp átekt, en þá hún vöknaði, varð hún sem þykk leðja og seig. Nú fóru Upplandsbændur að koma frá sér hrossum til göngu suður í Holt og þangað er minni var askan. Líka fóru sumir að koma fé fyrir, var það farið að verða óhraust, helst lömb og veturgamalt.

Sunnud. 2. nóv. var vindur og regn á sunnan og sást ekkert til fjallsins nema mikill roði á þokuskýjunum upp yfir því um kvöldið.

Mánud. 3. nóv. var vindur og regn til hádegis á sunnan. Síðan létti og sást þá ekki mikið gjósa úr fjallinu af öskunni, en eldurinn náði ofan frá toppi og niður á hraunbrúnina neðstu.

Þriðjud. 4. nóv. var hægur vindur á útsunnan með éljum og litlu frosti. Mökkurinn var ekki mikill en eldsuppköstin ákafleg svo nálega lýsti af eldsbálinu um kvöldið. Náði það allt ofan af toppi og niður á grundir. Sáú menn glögggt héðan (hér um bil 3 mílna veg) hvernig eldflóðið fossaði niður eftir eldkvíslunum þá uppköstin voru mest. Lægði (1) það aðra stundina og varð daufara.

Miðv.d. 5. nóv. var norðankylja og smáél, en frostlaust að mestu. Sunnanvindur var á fjallinu og spennti öskubogann norður sem nú var aftur frekur orðinn. Fór nú sem jafnan áður að norðanvindurinn veitti honum hingað, með því að blása á hann þveran. Fór þá að falla hér aska að hníganda degi, og eftir dagsetur féll mikið af henni á lítilli stundu. Þá sjaldan til eldsins sást fyrir öskunni var hann mikill og bjartur.

Fimmtud. 6. nóv. var frjósandi með slydduéljum og öskublandinni snorku á jörðinni. Öskuboginn var nú orðinn minni og lítið öskufall því vindur var hér stundum á sunnan. Eldurinn var með sama móti og svo bjartur, bæði nú og nokkra daga áður, að hann sást strax fyrir sólsetur.

Föstud. 7. nóv. var frost og heiðviðri á norðan. Gaus nú meiri aska úr fjallinu en daginn áður og sló fram yfir Rangárvöllu austanverða. Sýndust nú eldsuppköstin vægari en hina dagana.

Laugard. 8. nóv. var stormur á norðan um morguninn og nóttina áður með frosti og drífanda, en batnaði að mögnuðum degi. Öskumökkurinn var nú minni en eldflóðið sem fyrri daginn.

Sunnud. 9. nóv. var frost á norðan og sólskin. Reykjar- og öskumökkurinn sem fyrri daginn og eldur með vægara móti, því rás eldflóðsins sást ei nema á köflum þessa daga. Var hún óskýrust um miðjuna en meiri efst og neðst. Var það syðsta eldkvíslin sem sást, en norður- og miðkvíslirnar sáust ekki.

Mánud. 10. nóv. var frostlítið, norðankaldi og sólarsýn. Var öskuboginn orðin meiri og hvirflaði norður af fjallinu. Sté þá mórauður reykur upp úr eldrásunum og hrauninu, en eldsuppköst voru engu minni en áður.

Þriðjud. 11. nóv. var norðanfrost og hrímpoka, helst þegar hallaði degi. Öskumökkurinn var við sama, en eldsuppköstin lítill.

Miðv.d. 12. nóv. var vindur á norðan og frost. Hvítur mökkur

(1) lægðu í hár.

sté þá upp úr fjallinu mjög hátt, en eldsuppköst voru í allra minnsta lagi.

Fimmtud. 13. nóv. var dimmviðri og regn öðru hverju; vindur var suð- og vestlægur. Kolsvartur öskumökkur mikill gaus úr fjallinu og um kvöldið var það allt ein glóð til að sjá. Allar eldkvísirlirnar voru glóandi af eldflóðinu allt niður á móts við Melfell, hvar eð gaus upp eldsbál mikið, þar sem kvísirlirnar stönsuðu. Hefur annað eins eldsbál ekki sést síðan fyrstu dagana eftir gosið, og jafnvel ekki þá eins mikið og nú.

Föstud. 14. nóv. var logn, rigning til miðdegis og norð-austlægur vindur en síðan sunnanandi. Voru þá harðar dunur í fjallinu og fastur (1) niður á milli. Hafði ekki heyrst til þess lengi áður. Sást þá lítið til fyrir vætu og þoku er byrgði fjallið. Hreinsaðist jörðin vel við regn þetta.

Laugard. 15. nóv. var komið frost og norðankylja með heiðviðri. Snéri þá öskuboganum til suðurs. Rauk mikið úr eldrásinni gömlu og eldsuppköstin ákaflega frek. Var þá eldhraunið runnið vestur eftir fyrir framan Melfell og að gamla hrauninu fyrir vestan það; var nú umkringgt af eldhrauninu, og stóð hryggur þess einungis upp úr. Var það hátt fell, þó það væri lítið ummáls. Átti eldhraunið nú ekki utan skáhallu fyrirstöðulausan niður að Næfurholti og var það þegar komið niður að gili því er liggur sunnan undir túninu og bænum þess vegna hætta búin. Var ekki óttalaust um þessar mundir því ekki var annað fyrir að sjá, ef eldflóðið héldi áfram með slíkri ákefð til lengdar, en það kæmist út í Rangá og ef til vill út á Land og varð því ekki séð fyrir endann á því tjóni og eyðingu er slíkt kynni olla.

Nú voru bændur á Upplandinu farnir að koma fé sínu fyrir suður um sveitir, því þar varð oftast að gefa því hey, og var það þó orðið kviðlítið og magurt. Í sumu var gaddur, helst veturgömlu fé, og var það því skorið, og eins það er farið var að fá svokallaða fætlu, en lömbin skáru margir af heyjunum, til þess að geta betur haldið því fulloröna. Var það þó ekki allskostar hraust að heldur, en lítið sá enn þá á hrossum nema þau lögðu af.

Sunnud. 16. nóv. var stormur á norðan og moldryk, skýjað loft með drifanda og frosti. Sást því ekkert til fjallsins.

Mánud. 17. nóv. var stormur á norðan og ryk en heiðara loft. Sást betur til og var eldsbálið mikið og ókyrrt og öskumökkur nokkur.

Þriðjud. 18. nóv. var sama veður en ryk meira, og sást því ekkert til.

Miðv.d. 19. nóv. var sama veður, en loft skýjað. Sást ekkert til nema lítið eitt einu sinni til mökksins og var hann mjög

(1) svo í hdr.

mikill. Þennan dag fór eldflóðið niður úr Næfurholts-
bæjargili og langt vestur á sand fyrir neðan túnið. Komst
það 80 faðma vestur fyrir götu þá er liggur frá Haukadal (er
stendur vestan undir Bjólfelli) og upp að Næfurholti. Er það
sögu meðalbæjarleið frá Melfelli og niður að Næfurholti er
eldhraunið fór á 6 dögum einum.

Fimmtud. 20. nóv. var þunga stormur á norðan með frosti og
ryki. Var eldflóðið æðimikið og sást til þess niður undir
Næfurholt og gátu menn gjörla gjört grein á uppköstunum
héðan.

Föstud. 21. nóv. var hægari vindur á norðan og frost en loft
heiðara. Hafði fallið hér aska um nóttina. Eldsbálið var að
stærð og ummáli hið sama.

Laugard. 22. nóv. var gjóður á norðan og drifandi bæði um
nóttina og um morguninn með frosti, en heiddi til að
mögnum degi, og var snjór mikill á jörðu. Reykur var
nokkur og eldur við sama. Þessa viku hélt mökknum fram yfir
Rangárvöllu með öskufalli er spillti þar töluvert högum.
Síðari hluta vikunnar var allt flutt frá Næfurholti það er
varð, bæði af matvælum og ýmsu er óflutt var. Líka voru hús
niður brotin og tré öll burt flutt er náðust, sem þó var
ekki auðvelt vegna klaka er kominn var í jörðina, en nú var
ekki vært lengur, þar eldflóðið ógnaði bœnum með því að
dynja yfir hann.

Sunnud. 23. nóv. var frost lítið, skýjað loft og hægur
vindur á norðan. Mökkurinn var mikill og hélt honum fram sem
fyrir. Nú var hraunið hætt að halda niður eftir lengra en
komið var (þ. 19da næstl.), en eldur var hinn sami.

Mánud. 24. nóv. hafði verið drifandi á austan um nóttina,
en um daginn á sunnan og grotnaði snjórinn að nokkru leyti;
loft var skýjað en hægur vindur. Öskudrefjar höfðu komið
með austangusunni. Um kvöldið var eldflóðið ærið mikið. Var
öll miðja hraunsins sem eldflekkur, ósundraður ofan af toppi
fjallsins og niður í bæjargilið (smbr. 15da og 19da þ.m.) en
mökkurinn var aftur minni.

Þriðjud. 25. nóv. var frost á norðan, logn og heiðviðri og
hrímpoka öndverðan dag. Rauk æðimikið úr fjallinu, er þó
var mest megnis eldgufa úr hraun- eða eldflóðsgígnum. Var
logn á gufunni og sté hún því mjög hátt, en eldurinn var
minni um sig í hrauninu en áður.

Miðv.d. 26. nóv. var sama veður en hrímpokulaust. Var bæði
gufan og eldurinn við sama.

Fimmtud. 27. nóv. var enn nú sama veður og hægur vindur á
norðan. Sást þá enginn eldur í Heklu um dægramótin, sem þó
var vanur að sjást allt að sólarupprás, en lítill eldflekkur
sást niður á hrauninu neðarlega. Gufureykur lítill stóð
beint upp úr fjallinu í loft upp, sem smám saman óx til

miðdegis, en að hníganda degi lögði hann (1) hvað af hverju, uns hann (2) um kvöldið varð nærri því enginn. Þá sást enginn eldur eða eldsroði nema við fjallsræturnar í hrauninu var að sjá sem ljós er logaði hægt og stillt en sárdauft.

Föstud. 28. nóv. var sama veður sem fyrr. Sást alls enginn eldur utan þessi litli logi við fjallsræturnar og næstum engin eldgufa. Fannst mönnum lítið um þessi snöggu umskipti og voru hræddir um að teppst hefði fyrir uppköstin, og mundi því friðurinn ekki vara lengi, eins og raun gaf síðar vitni um.

ANNAR ÞÁTTUR

Laugardaginn 29da dag nóvembermánaðar var frost og heiðviðri á norðan. Sást þá harla lítil gufa á fjallstoppinum og fór þannig til kvölds, en að dagsetri fór að verða vart við að eldslogi fór að gjósa upp úr toppnum stöku sinnum, en þó strjált mjög og leið svo af nóttin að reykurinn óx ekkert.

Sunnud. 30. nóv. var kominn stormur á austan og frostlaust. Virtist þá aska gjósa úr fjallinu en vegna moldryks og skýja varð það ei séð til hlítar. Um kvöldið var hulið allt hið efra af þoku en eldsroði var mikill, og eldrennslið náði allt niður að Melfelli og var í sömu lögun og áður en fjallið hætti.

Mánud. 1. dag desembermánaðar var útsunnankafald öðru hverju og frost hægt. Rauk þá nokkuð úr fjallinu og var það mestmegnis hvít eldgufa. Nú spjó eldgigurinn hraunflóði úr sér sem fyrri og féll það niður eftir öxlinni, beygðist svo vestur af og náði allt niður að Melfelli. Var það ærið mikið. Gaus þá einnig toppgjáin eldi.

Þriðjud. 2. des. var frost á norðvestan, logn og heiðviðri en lítil el við kvöldið. Lítið rauk úr fjallinu en eldflóðið náði ekki nema niður að olnboganum á eldrásinni, en gigurinn virtist manni vera víðari ummáls en áður, því eldurinn var miklu meiri um sig og logaði enda herra; saust og uppköst hans glögglega.

Miðv.d. 3. des. var sama veður á norðan. Þá voru dunur í fjallinu og rauk nokkur gufa úr því, en eldur var við sama. Eftir dagsetur um kvöldið fór að votta til að eldflóðið bryti sér nýja rás norður á hraunbrúnina háu, þar sem elsta eldrásin hafði legið fyrst eftir það fjallið gaus.

Fimmtud. 4. des. var frost og hvassviðri á norðan, léttskýjað loft og skarfjúk fyrri hluta dags. Gaus þá nokkur öskureykur úr fjallinu. Hafði norðureldrásin vaxið dálítið en hin syðri var við sama.

(1) hana í hár.

(2) hún í hár.

Föstud. 5. des. var sama veður nema heiðara loft. Öskumökkur var nú mikill og sló suður á Tindfjallajökulinn. Nú var norðureldrásin komin niður undir Melfell, yfir þvert eldhraunið, og hin syðri vestur og niður fyrir olnbogann, en eldsloginn upp úr gjánni var mikill ummáls.

Laugard. 6. des. var sama veður en þó logn. Rauk enn þá meir úr fjallinu af öskunni og sló í sömu átt. Nú var allt eldflóðið búið að steypa sér í norður eldrásina og sást því ekkert til hinnar syðri. Einnig bar lægra á eldinum upp úr gígnum en áður, líklega þess vegna að barmar hans eru ætíð að hækka af eldvarpinu er hleóst ofan á þá eftir því sem það er lengur að.

Sunnud. 7. des. var vindur á landnorðan, frost og skýjað loft. Öskumökkurinn var lítill en eldur hinn sami.

Mánud. 8. des. var gjóður á norðan og alskýjað loft en frostlaust. Öskumökkurinn var meiri en eldur við sama.

Þriðjud. 9. des. var frost og hrim á norðan, logn og heiðviðri. Öskumökkurinn var nú mikill, en eldflóðið náði alla götu niður á móts við Melfell og lá þó norðar á öldurnar, og var það að hlaðast alltaf hvað ofan á annað. Lækur sá er rann í bæjargilinu í Næfurholti í hvern að sótt var neysluvatn þaðan, hvarf allsendis þá eldhraunið hljóp þar niður úr, en var nú aftur fram undan því kominn, þá hér var komið sögunni, en var þá bæði volgur og bragðillur og smakkaði helst af salti og brennusteini, enda af fleiri tegundum.

Miðv.d. 10. des. var norðanátt en frost lítið og skýjað loft. Mökkurinn var minni og eldurinn vægari.

Fimmtud. 11. des. var vindur á norðan, frost og skarfjúk til hádegis en mýkti veður að hníganda degi; loft var skýpakt. Mökkurinn var lítill og snéri honum við kvöldið til norðurs en eldur var sem fyrri daginn ekki mikill.

Föstud. 12. des. var sunnanátt komin með regnhreti og skýjuðu lofti. Mökkurinn var mjög lítill en eldurinn rétt við sama. Varð þá vart öskudrefja á snjónum er fallið höfðu um nóttina.

Laugard. 13. des. var oftast rigning á sunnan og sást ei til mökks fyrir þoku á fjallstindinum, en eldur var öllu meiri en áður. Fannst þá snarpur jarðskjálfti um nóttina áður, og varð þeirra oftast vart, þó þeir væru flestir hægir.

Alltaf fór fénaður hnignandi af áðurnefndum veikindum, líka varð vart við trönu og kjálkahnúta og skáru menn flest er þannig varð veikt. Þross hældust vonum fremur við hold, en þó voru fleiður farin að koma á snoppu þeirra sumra, en sum voru ei nema hárlaus á henni. Talað var og um gadd í trippum, en þar var þó ekki mikið um. Jafnan var gefið fé, helst á Upplandinu þegar jörð var ei auð og frostlaust, og enda hvort sem var, þá var hún óhrein af öskunni; var það óvani hér hvar að er besta útigönguhérað. Ekki vildi það

reynast að því bótunuðu veikindin við gjöfina hér, þó sumir héldu svo vera.

Sunnud. 14. des. var útsynningséljagangur og frostlítið. Sást ekki til fjallsins vegna þoku og élja en ærinn roði var á skýjunum.

Mánud. 15. des. var norðanátt og hrímpoka en heitt loft. Þá rauk ákaflega mikið úr fjallinu svo trautt var meira fyrstu dagana eftir gosið. Var það bæði aska og eldgufa. Um kvöldið var eldflóðið svo mikið að það náði langt norður á öldur, en hvað hraunið stækkaði þar norður frá var ómögulegt að sjá héðan.

Þriðjud. 16. des. var sama veður en hrímpokulaust. Reykur var minni en eldur öllu meiri en áður. Þá spjó toppgjáin eldi ákaflega köflum saman.

Miðv.d. 17. des. var sama veður. Eldur úr toppinum og í eldrásinni samur og reykur eins.

Fimmtud. 18. des. var kaldt á norðan, alskýjað loft með fjúki og slyddu öðru hverju en frostlítið. Reykur var lítið minni en eldur rétt við sama.

Föstud. 19. des. var útnyrðingsstormur fyrst um morguninn, gekk svo upp í norður og var frost og heiðviðri. Eldur var líkt og fyrri en mökkur lítill.

Laugard. 20. des. var heiðviðri á norðan, logn og frost en gerði fjúk um kvöldið. Mökkurinn var mjög lítill en ekki sást til elds fyrir fjúkinu.

Sunnud. 21. des. var rigning og dimmviðri á sunnan. Sást því ekkert til.

Mánud. 22. des. var frost og heiðviðri á norðan og logn. Þá voru dunur miklar í fjallinu og hörkuumbrot, en mökkurinn var ekki mikill. Eldurinn var í meira lagi og upp úr toppnum svo mikill að varla lögði.

Þriðjud. 23. des. var oftast kafald á útsunnan. Mökkurinn hafði vaxið, en eldurinn úr toppnum og eins eldflóðið hérna megin var við sama.

Miðv.d. 24. des. var útsynningséljagarri. Mökkurinn var við sama en eldur öllu meiri en áður.

Fimmtud. 25. des. var mikill éljagarri á útsunnan. Mökkurinn var við sama en eldurinn öllu meiri en áður.

Föstud. 26. des. var frost á útsunnan, fjúklaust en snjór á jörð. Mökkurinn var aftur orðin meiri, en eldsuppköst mikil, en lögði þó stundum toppeldinn.

Laugard. 27. des. frost og heiðviðri á norðan og logn. Reykur var æðimikill og var það mest eldgufan. Eldur var meiri en áður og náði eldrásin svo langt norður eftir sem

til sást, og gat þó lengra náð, því öldurnar báru af svo menn sáu ekki hvað því leið þar norður frá; svo var hraunið hátt orðið í kringum gígninn, sem eldflóðið kom úr, að menn sáu um nokkurn undanfarinn tíma ekki til eldsins í henni að kalla mátti, hvað mikið sem eldflóðið var, er úr henni flóði út um hraunið, er nú var engu minni en fyrstu dagana eftir seinni útsprungu fjallsins þó loginn væri þó miklu meiri að sjá.

Jörðin var nú alltaf hrein að grasinu til, þó það væri mjög skemmt, og var það kolsvart er spilltast var. Aska hafði ekki fallið í langan tíma, og felldi fénaður sig eftir vonum við jörðina, þegar veður leyfði, en því mátti ekki beita vegna megurðar enda gáfu margir veturgamla fénu eins og vant er að gefa lömbum.

Sunnud. 28. des. var á drifandi öðru hverju, frost og vindur á norðan og kafaldshríð við kvöldið. Mökkurinn var nokkur um sig en til elds sást ekki fyrir hriðinni.

Mánud. 29. des. var hægur útsynningur og sólarsýn. Reykur var nokkur, en eldflóðið mikið og náði svo langt norður er séð varð, en lítill eldur var úr toppinum.

Þriðjud. 30. des. var hart frost á norðan og sólarsýn en logn. Reykur var við sama, en eldflóðið náði skemmra norður eftir en áður og var óskýrara á köflum, en sýndist þó loga herra upp úr gígnum en fyrri. Lítið sást til toppeldsins.

Miðv.d. 31. des. var sama veður en hægur kaldi. Öskumökkurinn var mikill og þó mestur um miðdegisd, en undir sólsetur lögði hann og rauk þá hvít gufa úr fjallinu lítið öskukennd. Eldflóðið var breiðara um sig en náði jafnt og kvöldið áður norður eftir.

Fimmtud. 1. dag janúar mánaðar 1846 var frost og heiðviðri á norðan. Rauk þá mjög mikið úr fjallinu af hvíttri eldgufu öskukenndri, og sté hún bæði hátt og var mikil um sig. Eldflóðið leit út fyrir að vera eins og fyrr, nema óskýrt á köflum sem komið gat af því að hraunstandar beri af og eldrásin liggi (eins og hún enda gjörir) norðanvert á hrauninu; en toppeldurinn sást lítið.

Föstud. 2. jan. var rigning og dimmviðri á landsunnan. Sást því ekkert til fyrr en um kvöldið og var þá eldflóðið við sömu stærð.

Laugard. 3. jan. var logn og heiðviðri á útsunnan. Var þá öskukenndur reykurinn og eldflóðið við sama og fyrri.

Sunnud. 4. jan. var austlæg átt, logn og frost, en loft hálfheitt. Var öskumökkur mikill og sló yfir efstu bæi á Upplandinu, en eldflóðið var eins og fyrri.

Mánud. 5. jan. var regn og dimmviðri svo ekkert sást til.

Þriðjud. 6. jan. var léttþykkt loft og frost á norðan. Öskumökkurinn var enn þá mikill og sló til austurs.

Eldflóðið var enn við sama og náði þó lengra norður eftir og upp úr gjánni sýndist loga hærra en vant var nokkra daga áður.

Miðv.d. 7. jan. var stormur á norðan, frost og heiðviðri. Mökkurinn var nú heldur minni og hvirflaði til landnorðurs, en eldflóðið sem fyrri.

Fimmtud. 8. jan. var skýjað loft og eljagangur en veður spakt. Sást illa til en eldflóðið virtist vera þó við sama.

Föstud. 9. jan. var steypiregn og stormur á sunnan. Sást þá ekkert til.

Laugard. 10. jan. var hægt frost á norðan og léttviðri; mikil eldgufa en öskulítið. Eldurinn sté hátt upp úr gígnum og mjög óstöðugt, líkt og þá boðar rísa á sjó og falla aftur. Var þá eldrásin farin að slá sér fram á hraunið að Melfelli að neðanverðu.

Sunnud. 11. jan. var ofsastormur á austan-landnorðan og hryðjuregn; landsunnanvindur á fjallinu og gaus úr því ákaflegur öskumökkur. Sló honum vestur af fjallinu niður á jörð og hvirflaði svo aftur í loft upp. Blés þá norðanvindurinn á þveran bogann og færði mikla ösku yfir Upplandið, svo hana dreif þar í fannir, en hér á Suðurlandinu varð minna af henni, en þó svo að allur snjór varð svartur. Sló öskunni þá út yfir Hreppa. Til eldflóðsins sást óglögg fyrir þokudrifi, en geysiroði og ókyrrð var á honum sem á norðurljósum, lýsti að eldsmegnið mundi ei lítið heldur frekara.

Mánud. 12. jan. var vindur á landnorðan og skýjað loft. Öskumökkurinn var með sama móti og dreif sömu leið og áður. Eldsuppköstin voru vægari. Eldþytir voru nokkrir um kvöldið.

Þriðjud. 13. jan. var sama þiðviðri á landnorðan. Mökkurinn var samur og hélt sem fyrr. Eldflóðið var mikið og roði geysilegur á skýjunum. Náði eldrásin lengra norður eftir en áður, og voru nú farnar í 2m stöðum að hlaupa fram á hraunið smákvíslir úr henni, önnur að stefna á Melfell en hin skammt fyrir neðan gíginn. Kom það til af því að hraunið hafði hlaðist hvað ofan á annað að norðanverðu á hraunbrúninni, en var orðið lægra þegar fram á dró.

Miðv.d. 14. jan. var sama veður. Var sami mökkurinn og hélt sem fyrri en bar þó lítið á öskufalli þennan dag. Sama eldsmagn, er náði þó skemmra norður eftir, en slegið sér meira fram í smákvíslirnar.

Fimmtud. 15. jan. var sama veður á landnorðan. Öskumökkurinn var öllu meiri, með sömu stefnu. Hertí jafnan á uppköstunum um hádegisbilið þessa daga, en var vægari kvöld og morgna og jafnvel á næturnar. Nú voru harðir eldhvinir í fjallinu og umbrot. Var hljóð umbrota þessara orðið allt óðrúvísi en áður, því nú var það t.a.m. líkt og kvernarhljóð, þá henni er malað tómri, en harðnaði þó við lok hvers umbrots, svipað þungu öldufallshljóði; en áður

voru dunurnar og eldpytirnir líkastir því er eldur brýst út um mikla kolsviðu, en þegar harðast var líktist það þrumunið eða sterkasta hafróti. Eldsmagnið var hið sama.

Föstud. 16. jan. var sama veður, en á landsunnan; sami Öskumökkurinn, og hélt nú til fjalla. Eldur við sama en umbrot nokkur.

Laugard. 17. jan. var sama veður. Öskumökkurinn var í meira lagi, en hélt hér frá báða þessa daga, en eldur hinn sami.

Fénaður felldi sig illa við jörðina eftir viku þessa, því jörð var öll ösku hulin, og því meir sem lengra kom upp á Landið, og varð því ætíð að gefa fé víðast hvar þó þiurnar væru, því það var svangt mjög af jörðunni. Kom aska þessi út í Flóa og víðar í fjærliggjandi sveitir. Eldhraunið, sem farið var að kólna, var allt með örmjóum hryggjum og djúpum gjám, og voru gjár þessar margar hvítar innan af salti, en á hrauntanganum fyrir neðan Næfurholt segja menn málmliti ýmsa og er hæð þess ærin.

Sunnud. 18. jan. var þiðvindi á landnorðan og sólskin. Mökkurinn var nú lítill en eldsmagn mikið. Hafði efri kvislin þróast fram á hraunið, en hin ekki. Gaus þá eldflóðið æðihátt úr gígnum á köflum og fossaði niður eftir sem harðasti árstraumur þá uppköstin voru mest. Jarðskjálftar fundust hér tíðum næstliðna viku og voru þeir flestir hægir.

Mánud. 19. jan. var sama veður enn þá. Öskumökkurinn var frekari orðinn en eldsmagnið var við sama.

Þriðjud. 20. jan. var gjóður á landnorður, sólskin og hægt frost. Öskumökkurinn var ákaflegur og sló honum hér út yfir, en að hniganda degi sló honum að mestu til suðurs. Kom hér aska enn þá þennan dag og skemmdi jörð töluvert, en eldsmagn var hið sama.

Miðv.d. 21. jan. var sama veður. Mökkurinn var nærri því við sama, en eldur sýndist lítið vægari en áður.

Fimmtud. 22. jan. var sama veður, frostlítið. Mökkurinn var lítill en eldgufa nokkur og eldsmagnið sama.

Föstud. 23. jan. var sólskin, logn og frost á vestan og norðan. Mökkurinn var aftur meiri og sló til austur-landsuðurs en eldsmagn hið sama.

Laugard. 24. jan. var sama veður og kylja á norðan en austlæg á fjallinu. Öskumökkurinn var þá orðinn mikill og sló vestur yfir Upplandið. Blés þá norðanvindurinn á þveran bogann og setti hér öskuna fram yfir, svo öll sveið urðu svört af henni. Nú hafði eldrásin slegið sér norðanvert í hraunið og sást lítið til hennar, einkum vegna moldryks er var yfir allt, og öskunnar líka.

Sunnud. 25. jan. var sama veður nema hvassara. Var þá öskufall allt fram að miðjum degi en hætti úr því, og lögði

mökkinn svo hann varð nærri því enginn um kvöldið. Til elds sást ekkert langt fram yfir dagsetur, og var þá með öllu hætt mökkurinn og eldflóðið, því svo var heiðskirt, að glöggst sást hvernig ástatt var. Geðjaðist mönnum enn lítt að þessum bráðu umskiptum, og þótti undarlegt ef nú væri algjörlega komin kyrró á, og mundi heldur hafa teppst fyrir uppköstin. Því mönnum þótti trúlegra og eðlilegra, að reykurinn og eldflóðið færu smám saman minnkandi, áður þau þverruðu með öllu, og mundi því mega búast við tvöfalt verri köstum ef til vill, en áður höfðu verið, þó nóg þætti af orðið.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR

Mánudaginn 26ta dag janúarmánaðar var stormur og él á landnorðan og austan, frostlaust og skýjað loft. Fyrri hluta dags var enginn reykur úr fjallinu, en öskumökkur fór að gjósa úr því við úthöllun dags og sló til suðurs. Um nóttina varð vart lítils elds þegar á leið, en nú var eldflóðið upp úr eldhraunsgígnum orðið óttalega mikið og flóði niður um allt hraun að norðanverðu; og úr toppgjánni var geysimikið bál með glóandi grjóthríð hátt í loft upp, en lögði stöku sinnum lítið eitt. Fló hann æðihátt með svo mikilli birtu að nálega varð bjart í húsum á næstu bæjum.

Þriðjud. 27. jan. var drifastormur af sömu átt með moldryki. Mökkurinn var mikill og sló honum fram yfir Rangárvöllu; eldsmagn var hið sama en ei sást toppeldurinn.

Miðv.d. 28. jan. var sami stormur á austan-landnorðan með frosti og sólskini tíðast. Öskumökkurinn var æðimikill og sló hér þvert yfir hátt í lofti, og féll þá hið þyngsta af öskunni hér, en hið fínara fló hátt í lofti til fjærliiggjandi héraða og náði þá mökkurinn æðilangt til útsuðurs. Það sem hér féll var sem sandur á kinnum manns, og var illgengt á móti veðri, en svo var mökkurinn þykkur og mikill að ekki var meira en vinnubjart í húsum, þá hann bar fyrir sólina. Hægði honum þó nokkuð um kvöldið. Þá var eldrásin mjög mikil og björt og lá miðja vegu niður á hraunið og beygðist svo norður af því; en hvort toppeldurinn var uppi sást ei fyrir öskumökknum.

Fimmtud. 29. jan. var logn og lítið frost á norðan en loft nokkuð skýjað. Mökkurinn var samur og sté æðihátt, svo nálega var að sjá sem hann væri 2 hæðir fjallsins og sló honum fram á við. Þá rauk blá gufa úr hrauninu kringum Melfell en mórauð úr eldrásinni. Sást lítið til um kvöldið hvað eldinum leið fyrir reykjarsvælu og ösku.

Föstud. 30. jan. var hvassviðri á landnorðan og austan en frostlaust. Hafði gjört gróft öskufall um nóttina. Voru öll svell svört af því og jörð blásvört, svo varla hafði áður komið öllu meiri hér, en sú var eina bótin - þó lítil væri - að jörð var þurr svo það festi sig minna við grasið, en blés niður í rótina. Öskumökkurinn var samur og var enn öskufall

á Upplandinu og út um Hreppa. Sté hann sem áður geysihátt og sló svo niður aftur en eldflóðið sást ei fyrir honum.

Laugard. 31. jan. var logn, heiðviðri, frost á norðan og snorka á jörð. Mökkurinn var enn æðmikill og sté mjög hátt; var landsynningur á fjallinu og hélt honum því norður, en ekki sást glögggt til eldflóðsins.

Sunnud. 1. dag febrúarmánaðar var logn, léttskýjað loft og lítið frost. Mökkur var samur að öllu en eldurinn náði niður á mitt hraunið.

Mánud. 2. febr. var alskýjað loft á austan og drifandi; síðan snérist það í regnhret. Mökkurinn var nærri því við sama og sló yfir Upplandið og út í Hreppa. Eldsuppköstin voru mikil og náði eldrásin miðja vegu niður á hraunið.

Þriðjud. 3. febr. var útsynningur og frost en snjór á jörð. Mökkurinn var mikill og svartur og sló til óbyggða, en eldrásin náði niður á móts við Melfell að norðanverðu. Sat nú snjór hér og hvar á hraunstöndum fyrir framan það, enda fyrir neðan það, þó minna.

Miðv.d. 4. febr. var útsynningur og eljagangur, vindur þó fremur suðlægur og hægur, en snjór yfir allt. Mökkurinn nokkuð minni, en eldsmagn hið sama.

Fimmtud. 5. febr. var gjóður á norðan, frost og heiðviðri. Hvít eldgufa sté mjög hátt, en varð ekki ösku vart; eldflóðið var við sama.

Föstud. 6. febr. var vindur á norðan og skarffjúk, hálfheitt loft en ský á fjallinu og sást ei mökkurinn þess vegna, en eldsmagn var hið sama.

Laugard. 7. febr. var spakt veður á norðan, heiðviðri og frost hægt. Mökkurinn var næstum enginn, en eldflóðið bjart og náði niður eftir öllu hrauni.

Sunnud. 8. febr. var gott veður, sólskin og frost hægt. Lítil eldgufa en eldur hinn sami.

Mánud. 9. febr. voru skúrir og dimmviðri, og sást því ekkert nema eldsroðinn á skýjum.

Þriðjud. 10. febr. var sama dimmviðri á sunnan og logn og þoka. Sást því ekkert til.

Miðv.d. 11. febr. var sama dimmviðri á sunnan og logn og þoka. Sást ekkert til.

Fimmtud. 12. febr. var sama dimmviðri á sunnan og logn og þoka. Sást ekkert til.

Föstud. 13. febr. var sunnanátt og góðviðri en jörð næstum því auð. Mökkur sást ekki vegna þoku á fjallinu. Eldurinn sást um kvöldið efst og neðst, en eldrásin þar á milli sást ekki, því hún lá norðan til í hrauninu, svo það skyggði á,

en roðinn var á skýjunum uppi yfir, sýndi að eldrásin var eins mikil og fyrr. Vondur fnykur stóð tíðum af fjallinu og eins upp úr jörðinni þá hún vöknaði af öskunni er fallið hafði, og var hann líkur því er áður er getið (þ. 16da sept. f.á.).

Laugard. 14. febr. var votviðri og þoka á sunnan og logn.

Sunnud. 15. febr. var votviðri og þoka á sunnan og logn.

Mánud. 16. febr. var sama veður og þoka, hafði þó frá um kvöldið. Sást þá eldflóðið og var æðibjart og leit út sem það hefði slegið sér fram á hraunið; var mikið ummáls og náði alla götu norður og niður á hraunið.

Þriðjud. 17. febr. var þoka og sama þiðviðri, rigningalítið á sunnan en alltaf logn síðan þ. 8da þ.m. og stundum svækja. Fundust 2 jarðskjálftar, annar í birtinguna en hinn um hádegisbil, mjög snarpir svo hús bifudust. Byrjuðu þeir með hörðum þyt líkt og þá er stormur ríður á hús, en ekki voru þeir langir. Höfðu jarðskjálftar þeir er áður fundust ætíð byrjað með þyt slíkum. Til eldflóðsins sást lítið fyrir þoku.

Miðv.d. 18. febr. var þokulítið en suddi og kaldakorn á hafsunnan. Fannst jarðskjálfti svo snarpur um sólarupprás, að brakaði í hverju tré. En ekkert sást til fyrir suddanum.

Fimmtud. 19. febr. var sama veður, þokulaust. Þá sást illa til því þykkní var á fjallinu. Þó sást mökkur mikill gjósa úr því. Eldsroði var og um kvöldið mikill og frammar að sjá upp yfir fjallinu en fyrr.

Föstud. 20. febr. voru smáskúrir og logn en þokulaust á sunnan. Mökkurinn sýndist mikill þá til sást og sló til norðurs. Hvítir reykir miklir voru upp úr eldhrauninu, sem vottuðu að hiti var kominn í hraunið, meir en nýlega að undanförnun. Nú var eldfljótið búið að breyta sér. Hafði það steypst sér fram af hraunbrúninni að sunnanverðu, en að norðanverðu lá eldrásin um sama svið og þ. 16da þ.m. en efst uppi við gíginn var eldflekkur þríhyrndur, og lá eitt horn hans upp í gíginn, en eldrásirnar komu sitt úr hvoru hinna. Mér sýndist ekki betur en eldrás liggi ofan af toppi fjallsins niður að gígnum, en ekki var svo heiðskirt, að gott væri að gjöra grein á því hvort svo var eða eldurinn hefur logað svo hátt upp úr gígnum.

Laugard. 21. febr. var steypiregn til miðdegis og skúrir úr því á landsunnan. Sást illa til; þó virtist eldur við sama.

Sunnud. 22. febr. var stórhret á norðan til miðdegis og fraus þá allt er niður kom. Varð sem gler yfir alla jörðina, en þiðnaði aftur síðari hluta dags. Ekki sást mökkur um daginn fyrir þokupykkni, en eldflóðið var við sama en þó lítið daufara í norðurrásinni og náði þó niður og norður fyrir Melfell.

Mánud. 23. febr. var frost og vindur á norðan-landnorðan og skýjað loft. Þá gaus mikill mökkur úr fjallinu og sló hér yfir. Kom hér því öskufall og því meir sem á leið dag með drífanda er þá gjörði. Þá sást eldflóðið óglöggð bæði vegna þess og öskunnar.

Þriðjud. 24. febr. var hægur þeyr á austan-landnorðan með sólskinu. Var þá næstum enginn öskumökkur en eldflóðið með sama móti, nema hvað syðri (1) eldrásin var lengra komin niður eftir. Barmar eldgígsins eru alltaf að hækka, og sýndist hann því hærri oróinn en áður. Ölli því hraunspýjan, sem storknar og hleóst ofan á barma hans. Af því sýnist og þegar roðanum slær á eldgufuna, sem eldrás komi ofan af toppi fjallsins, sem reyndar er þó ekki.

Miðv.d. 25. febr. var skýjað loft og hvassari vindur af sömu átt. Litinn öskureyk var að sjá, en eld við sama eða enn heldur minni.

Fimmtud. 26. febr. var sama veður. Öskureykur var meiri og hvirflaði hingað og þangað, en féll lítið nema kringum fjallið. Eldur var öllu bjartari en áður en náði ekki lengra niður eftir.

Föstud. 27. febr. var hvass vindur á norðan, sólskin og frost, en hlýnaði þegar dagur magnaðist. Nú voru umbrot í fjallinu en öskumökkur enginn utan eldgufa, sem ætíð er nokkur. Eldurinn var í minna lagi og náði skammt eitt niður á hraunið.

Laugard. 28. febr. var logn og sólskin, en þíðviðri og blíða á norðan. Eldgufan og eldflóðið við sama en öskulaust.

Sunnud. 1. dag marsmánaðar voru skúrir og vindur á landsunnan til miðdegis, síðan var sólskin. Þá var enginn eldur né gufa úr fjallinu.

Mánud. 2. mars var steypiregn til miðdegis á landsunnan og skúraskipti úr því. Engan eld né gufu var að sjá og sást þó svo vel til, að menn gátu gengið úr skugga um að það væri þannig. Vonuðu menn nú heldur eftir að Hekla kynni að vera slotuð, en jarðskjálfta fundu menn þó öðru hverju og voru þeir flestir hægir.

(1) synnri í hdr.

FJÖRÐI ÞÁTTUR

Þriðjudaginn 3ja dag marsmánaðar var sólskin, frost og kylja á norðan. Nú var öskumökkurinn aftur uppi og eldgufan og hvort tveggja mikið um morguninn, en lægði í köflum þegar fram á kom daginn. Dunur voru líka í fjallinu og spúði það nú eldflóði sem fyrri, mjög björtu, og lá eldrásin skammt eitt beint niður á hraunið og dreifðist þar út. Eldur fossaði einnig upp úr toppi fjallsins og var það úr öskugjánni nyrðri, og hafði hann aldrei fyrri sést í henni; gaus hann sjaldan upp, en geysimikið á köflum. Um kvöldið eftir dagsetur snéri hingað mökknum (sem áður hafði haldið norður meðan vindurinn var landsunnan á fjallinu) því norðanvindurinn var nú búinn að ná sér. Féll hér þá aska til og frá um Landið, og var sem vätuyrja með henni, sem ekki var annað en saltregn úr fjallinu; hafði þess áður vart orðið, einkum í Hreppunum. Var þetta ætið versta öskufallið er með vatu kom, og urðu nú grasstráin sem sýluð af öskuleðju þessari og stóðu sem stokkur. Síðan sló mökknum til suður-landsuðurs og var hann svo mikill um tíma, að hann huldi allt suður- og landsuðurloftið, og féll þá einnig askan um Rangárvellina.

Miðv.d. 4. mars var kylja á landnorðan, sólskin og frostlaust. Öskumökkurinn var minni en óx mjög að hallanda degi og mestur um kvöldið en sló ekki langt frá fjallinu. Eldflóðið var við sama, en hafði þó slegið sér norðar niður á hraunið, nálægt því sem nyrðri eldrásin lá áður það breytti sér næstum, og náði nú miðja vega niður á það og sló sér þar lítið eitt út og fram á við.

Fimmtud. 5. mars var gjóður á austan-landsunnan með hægri slyddu öðru hverju og vatu. Sást ekkert til fjallsins þess vegna.

Föstud. 6. mars var logn, sólskin og frost á norðan. Var þá öskumökkurinn mikill og sló niður kringum fjallið mestum hluta hans. Eldrásin lá norðarlega niður eftir hrauninu og ekki langt. Þá sást einnig mikill skimi upp úr toppgjánni syðri (1), er sló upp á ský eitt, er hélt sig upp yfir henni, sem vottaði að eldur logaði niður í gjánni, en þó ekki svo hátt að upp úr henni sæist.

Laugard. 7. mars var sama veður en gerði lítið él. Var þá mökkurinn minni, en eldflóðið við sama.

Sunnud. 8. mars var vindur á norðan og skýjað loft, en gekk til hafs að hníganda degi með regnskúrum. Nú var öskumökkurinn orðinn mikill og ákaflega svartur. Hélt honum vestur yfir Upplandið og út í Hreppa svo langt sem til sást og féll þar alls staðar aska mikil er hann bar yfir, en til eldsins sást ekki fyrir honum.

(1) synnri í hdr.

Mánud. 9. mars var dimmviðri og sunnanátt. Mökkurinn var nú nokkru minni og hélt sama, en eldurinn líkt og þá hann sást næstum (þ.7.).

Þriðjud. 10 mars voru útsynningsél og sólskin á milli en frostlaust. Mökkurinn var orðinn lítill, en eldur sást ekki vegna élja á fjallinu.

Miðv.d. 11. mars var stormur og regn á landsunnan. Sást þá ekkert til.

Fimmtud. 12. mars var ofsastormur með regnhreti í köflum á landsunnan en gekk í útsuður um kvöldið og sást því ekkert til.

Föstud. 13. mars var éljagangur á útsunnan. Hvít eldgufa sté hátt upp úr fjallinu en til eldsins sást ekkert nema roðinn af honum.

Laugard. 14. mars var sólskin, logn og hægt frost á vestan. Eldgufan var við sama, en eldrásin lá skáhallt norður eftir hrauninu og var ekki mikil.

Sunnud. 15. mars var kuldi á norðan með frosti og heiðviðri. Eldgufa var nokkur um morguninn og kvöldið, en sáralítill um miðdegis, og hrúgaðist hún um sólsetrið í kúf ofan á topp fjallsins en sté ekki hátt. Eldur var enginn allt fram yfir dagsetur og bar þó ekkert af, en um nóttina sást lítið eitt til hans.

Mánud. 16. mars var sami kuldi og skarfjúk. Var þá mikil eldgufa og nokkur aska með, er sló fram eftir fjöllum. Um kvöldið voru geysimikil eldsuppköst úr gígnum, t.a.m. sem boði félli á sker, og lá þá eldrásin norður á hraun fyrir norðan Melfell, svo langt er séð varð fyrir öldunum, og mjög björt.

Þriðjud. 17. mars var sama veður. Var þá eldgufa lítill en aska engin. Sté hún ekki hátt, en var sem kóróna á sunnanverðum toppi fjallsins, en eldsuppköstin og rásin rétt við sama. Dunur voru þá svo miklar í fjallinu að heyrði gegnum nokkurn vind.

Miðv.d. 18. mars var sama veður og kuldi öllu meiri. Eldgufa dálítill og sté ekki hátt vegna vindsins, en eldsmagn sama.

Fimmtud. 19. mars var sama veður en dró þó úr kuldann og þykknaði loft við úthöllun dags. Eldgufan var aftur meiri og sté hærri. Var ekki trútt um að hún væri öskukennd. Eldsuppköstin voru vægari, en eldrásin lítið óglöggari og bugaði að Melfelli vestanverðu.

Föstud. 20. mars var skýjað loft, hvass vindur á norðan og frost. Þá sást ei til fjallsins fyrir ryki og stormi, en öskudrefjar falla hér víða, en af því þurrt var gætti þess ei mjög.

Laugard. 21. mars var sama veður og sást ekkert til þess vegna en umbrot voru í fjallinu.

Sunnud. 22. mars var sama veður og loft þó heiðara. Sást þá til eldsroða en ekki meir.

Mánud. 23. mars var sami stormur en þó minna ryk, frosthægura og sólskin. Lítil eldgufa var upp úr fjallinu en enginn eldur og sást þó vel til.

Þriðjud. 24. mars var sama veður nema frost minna og loft skýjað. Eldgufa var lítil, en eldur sást nokkur og þó óglögg. Náði eldrásin lítið eitt niður eftir hrauninu.

Miðv.d. 25. mars var stormur á norðan sólskin og hægt frost. Þá voru miklar dunur og umbrot í fjallinu og öskumökkur gaus köflum saman upp úr því og eldgufa nokkur alltaf. Undir sólsetur spjó það og grófri öskustroku, svo lagði vestur yfir þvert suðurloftið allt í nónsstað. Hérist þetta til þess í hálfrokknun, þá hætti það, og var þá ekki nema lítil eldgufa úr því. Hættar voru þá og dunurnar líka, og eldflóðið fór æ þverrandi uns það varð ekki sjáanlegt nema lítill eldflekkur norður í hrauninu, sem voru eftirleifar eldrásarinnar. En nú gaus eldur upp úr toppgjánni með mestu frekju og lægði svo sem augabragð í millum. Var hann svo kvikur og hastarlegur sem norðurljós, þegar mikill stormur er á þeim, og þau eru sem kvikust. Var hann ákaflega bjartur í því hann gaus upp en varð myrkrauður er hann greiddist út. Var hann sem hnöttur eða hnoða í því hann kom upp, en greiddist síðan út í loga og leiftranir, svo fljótt að varla festi auga á, og var það ekki óttalaust að horfa á slíkt. Mun mér sjón sú fyrir hugskotsaugum fyrst um sinn. Undir dagsetur fór að leggja eld þennan smám saman, og strjáluðust uppköst hans, en jafnframt fór að votta til eldflóðsins úr eldgignum, og glæddist hann eftir því sem hinn hætti allt þar til að ekkert sást framar upp úr toppinum. Var þá eldflóðið búið að ná sér og eldrásin komin norður í eldflekkinn, sem þó var norður á mótis við norðuröxlina lágu á Heklu. En strax er eldurinn í gignum fór fyrir alvöru að glæðast, fór að duna í fjallinu og hörönuðu dunurnar því meir sem eldurinn magnaðist. Af þessu leiddist ég til að ímynda mér, að umbrotin og dunurnar í fjallinu hafi orsakast jafnan af því þegar eldflóðið sprengdi sig upp um hinar þröngu smugur eldgígsins, en það óþjáltað að pressast saman, einkum vegna þess að óbrætt grjót er jafnan innan um, en líklega gnægð mikil fyrir neðan, er út vill brjótast, af eldflóðinu, en aflið ógurlegt. Virðist öðru máli að gegna um öskugjána, sem ekki spýr nema öskunni, og þótt einstaka vikurklettur fylgi með henni, þá er hún þar að auki miklu meiri ummáls en gígurinn, sem mökkurinn hefur sýnt, úr henni. Um þetta gat ég og fullkomlega gengið 'r skugga um við þetta tækifæri, langt um betur en áður, að dunurnar fylgja vissulega eldsuppköstunum.

Fimmtud. 26. mars var kylja á norðan, sólskin og frostlítið. Dálítill öskukenndur reykur var til miðdegis, en hætti þá með öllu. Sást þá aðeins eldgufa, en undir sólsetrið varð fjallið að öllu leyti hreint og gufulaust í fyrsta sinni

síðan það gaus. Þá sást litla stund til toppeldsins eftir sólarfall og eins til eldflóðsins, en engin eldrás eða neinn eldur um allt hraunið. En þegar hálfrokkið var, var sem ljós að sjá í gígnum en ekkert úr toppnum.

Föstud. 27. mars var sólskin og bliða, logn og lítið hrím. Dálítil reykjargufa sást við gíginn en enginn eldur.

Laugard. 28. mars var loft skýjað, vindur hvass á norðan og frost, en lygnði og kastaði úr éli. Í birtingu um morguninn sló öskuboga vestur af fjallinu en hætti bráðum, og var þá gufa ein er hvíldi á toppinum. Þá sást glögggt til eldflóðsins, en rás engin, og virtist nú aflið vera farið að minnka í uppköstunum.

Sunnud. 29. mars var stormur á norðan og frost með fjúkslitringi og skýjuðu lofti svo ekkert sást til.

Mánud. 30. mars var sami stormur og frost en heitt loft. Var þá lítil gufa við gígsopið en eldur sást ekki.

Þriðjud. 31. mars var sama veður. Sást þá enn gufa við gígsopið, en eldur í honum sem dauft ljós.

Miðv.d. 1. dag í aprílmánuði var sama veður og ofsaryk svo ekkert sást til fjallsins fyrr en um kvöldið og var þá hvorki eldur né gufa svo merkt yrði.

Fimmtud. 2. apríl var sama veður og sást ekkert til.

Föstud. 3. apríl var sama veður en lygnði þegar á leið dag. Sást þá vel til fjallsins. Var þá enginn eldur en eldgufa var nokkur.

Laugard. 4. apríl var gjóður á sunnan og skýjað loft. Sást þá eldgufa en ekki aska, sem sumir héldu; var það ský er hélt sig niður við fjallið og var þó þilkorn á milli þess og toppsins. Sást þar eldgufan ein, en elds varð ekki vart.

Sunnud. 5. apríl var fyrst fjúkslydda, en síðan gjóður á sunnan og þurrt. Sást þá lítil eldgufa.

Mánud. 6. apríl var frjósandi á austan og léttskýjað loft. Öskuboga lagði úr fjallinu til norðurs fyrir og um sólarupprás, heldur mikinn, og hætti svo skömmu síðar. Rauk þá aðeins úr því.

Þriðjud. 7. apríl var kylja á norðan, frjósandi og heiðviðri. Var nú snjór bráðinn af láglendi en ei af fjöllum.

Miðv.d. 8. apríl var sama veður. Eldgufa var lítil en eldur sást enginn síðan þ. 31. f.m.

Fimmtud. 9. apríl var sama kylja á norðan, frjósandi og sólarýn. Þá var mjög lítil eldgufa.

Föstud. 10. apríl var sama veður. Var þá gufu- og eldlaust að öllu leyti. Sat nú snjór á hrauninu fyrir neðan eldgíginn hér og hvar, enda sást enginn eldur framur. Þótti því líkindi til að Hekla mundi nú þegar hætt vera, eftir þeirri aðferð er hún nú hafði.

Oft hefur síðan verið að sjá hvíta gufu upp úr gjánum og eldgígnum, ýmist meira eða minna, en þar á milli alls ekkert. Það hefur einnig verið eftirtektarvert að mest hefur rokið úr Heklu í straumana, einkum smástraumana, og hefur það varla brugðist, þó það hafi ekki ætíð verið jafn mikið. Og æ þegar vindur hefur snúið sér frá norðri til suðurættar, er menn kalla: að bregða til rosa (1), hefur þá reykurinn margfaldast um hrið, þar til vindurinn var búinn að ná áttinni. En um öskugufur úr Heklu eru menn ófróðari, þar oft hefur að borið, að ský hafa dregið sig eftir hitanum niður að fjallinu sem mjög hafa líkst öskumökk, en þó ekki verið það í raun og veru. Samt hafa menn meint öskugufur koma úr henni, einkum 6 sinnum. Þá (2) hefur stundum orðið vart við öskufall og saltregn, en veðri hefur verið æ svo varið að bágð hefur verið að gjöra grein á hvort það hefur fokaska verið, eður úr fjallinu sjálfu, því það hefur oftast skýjum hulið og stormur á austan og því hvort tveggja eins mögulegt. Þó mun saltregn ekki komið hafa með foköskunni, heldur mun það úr Heklu komið hafa, og þá líkast askan með.

Fyrsta gufan kom í öndverðum maímánuði 1846, en hitt nálægt hvítasunnunni litlu síðar. Kom þá aska og saltregn í hvort tveggja sinni út í Hreppa. Var ég fjærverandi er þetta bar að og get því ekkert um það borið.

Þriðja öskugufan kom sunnudaginn 26. dag júlímánaðar s.á. á öndverðum aftni. Sló þá yfir mistri og myrkva í norðri svo menn hugðu þrumuský vera að draga sig saman. Stóð þetta yfir stundarbil, og hafði smám saman frá aftur. Varð þá vart við öskufall á Upplandinu, en ekki sást svo vel til að gjörð yrðu góð skil á hvort þetta kom úr fjallinu því vindur var á austan og skýjað loft. En síðar, föstud. 14. ágústmánaðar, gátu menn gengið úr skugga um, að aska gaus úr Heklu. Veður var þjart og vindur suðlægur. Spjó hún þá mikilli öskugufu upp úr sér skömmu eftir sólarupprás, og sté hátt í loft upp og hélt til fjalla. Varaði þetta 4 daga er til sást. Þá varð einnig elds vart og umbrota í henni, þó ekki harðra. Lengur sá ei til um hrið því veður dimmdi, en fáum dögum síðar er frá hafði, sást einungis lítill gufa.

Föstud. 25. sept. þar eftir sást og öskugufa úr henni. Var þá loft skýjað og vindur á norðan en á fjallinu var sunnanátt. Hélt öskustroka þessi norður fyrir fjallið en kom ekki í byggðina. Varði það litla hrið; eftir það sást varla gufa, nema endrum og sinnum, þó lítill, þar til fimmtud. 19. nóv. Þá gaus í 6ta og síðasta sinni öskublandin gufa úr henni um daginn, en hætti strax aftur. Oftast varð ekki vart

(1) rosu í hdr.

(2) þá tvítekið í hdr.

við ösku úr Heklu, en fokaska dreif hér út yfir Upplandið og út í Hreppa mánuð. 21. sept. (1) 1846. Var þá veður á austan og hvasst mjög. Tók askan sig norðan og landnorðan við fjallið en það sjálf var heiðskirt. Varði það nálægt í 2 dægur. Annars er Hekla orðin ætíð gufulaus þá til sést og hefur nú lengi ekki reykjar vart orðið, nema laugard. 17. jan. þessa árs - 1847. Gaus þá reykjargufa mikil úr henni, og er það í síðasta sinni er menn vita.

Jarðskjálftar hafa allsjarðan fundist síðan hún hætti. Þó eru 2 er nefna má. Sá fyrri fimmtud. 26. nóv. 1846, eftir dagsetur, en hinn síðari fimmtud. 7. jan. þ.á. um lágnætti. Báðir voru þeir snarpir mjög og byrjuðu með þyt miklum, rétt eins og hinir fyrri höfðu gjört.

Satt var það, er um Geysir er ritað, að (2) í honum hafi aflið minnkað, og nálega höfðu Ölveshverirnir hætt að rjúka, en tóku til aftur þá Hekla hætti. En ekkert höfðu Krýsuvíkurhverirnir breytt sér svo merkt yrði. Þó sagði mér gamall bóndi þar í hverfinu eftirfylgjandi sögu. Í hver þeim, er þar kom upp í hverafjallinu svo sem fyrir 2 árum, og sem ýmist er kallaður Nýi- eða Stóri-hverinn, hafði verið að heyra svo sem reiðarslög um vorið og sumarið áður Hekla gaus, svo gjörlla heyrðist heim að bæjum. En eftir það hún gaus heyrðist ei framur til hans og aldrei síðan. En æ hefir hann rokið sem hinir.

Þannig er þá skýrt frá eldgosi þessu, hvernig því hefur verið varið, og hvernig útlit þess hefur verið, líka veðráttufari á meðan það stóð yfir. En afleiðingar þess eru enn þá ótalðar að mestu, og hefi ég geymt þær til þessa, svo þær yrðu í einu lagi frá því fyrsta og til þess nú er komið.

FIMMTI ÞÁTTUR

Þess er áður við getið hér að framan hversu miklar skemmdir afréttirnir biðu af gosi þessu, og hvernig búsmali bráðgeltist við öskufallið, og þarf því ekki að ítreka það hér aftur. Þar er og drepið á hversu fénaður sýktist og horaðist niður, og skal hér fara fleirum orðum þar um til frekari sönnunar. Fáar kýr munu það verið hafa er ekki sýktust af öskunni, er úti voru í henni, en fleirstum batnaði strax, er þær fóru að fá heyið, er ekki bráðdrápuð. Heyrt hefi ég getið um, að sumum hafi batnað af því að setja þeim stólpípu með hrálýsi og söltuðu vatni. En sauðfé bráðsýktist ekki, heldur virtust mönnum veikindin mundu hafa lagst í beinin, því þegar hnútarnir fóru að koma á þau varð það svo máttlaust að það valt um koll ef fyrir fótum þess varð aukatað. Samt styrktist það smátt og smátt aftur, helst af góðri gjöf, og átti það þó æðilengi í því sumt. Hnúta

(1) des. skrifað fyrir ofan m. hendi Jóns Sigurðssonar og er líklega réttara.

(2) að tvítekið í hdr.

þessa kalla menn almennt fætlu og voru þeir á fótleggjunum. Voru þeir móleitari en leggurinn og svo mjúkir að flysja mátti af með knífi, áþekkir frauði en þó lengra í þeim. Kom fætlan í féð á öllum aldri og einkum sauði. Héldu sumir að hún mundi renna af við stöðuga gjöf, en það reyndist varla svo, þó það hafi ef til vill borið við, en á flestu voru hnútarnir við sama haustið eftir og voru þá orðnir beinharðir og að lit sem leggurinn sjálfur og með mergjarholi að innan með fitu í. Sama slags hnútar voru á kjálkunum að neðanverðu. Bar það til, þar sem þeir voru flysjaðir af, var gat eftir á beininu. En hvernig þeir hefðu orðið með tímanum er ekki hægt að segja, því flest ætla ég það skorið hafa verið er þannig var; þar á flestu var gaddur samfara hnútum þessum, og einkanlegast var það veturgamalt fé er þannig veiktist. Gaddurinn var annað tveggja snið- eða standgaddur og hvoru tveggi illur, því menn voru í vafa um hvað við hann gjöra ætti.

Sniðgaddurinn var svo lagaður að öll hin ytri jaxlabrún í kjálkunum máðist, en hin innri var við sama er hún átti að sér. Þar á móti var innri jaxlabrúnin í höfuðkúpunni lægri, en hin ytri miklu hærri, og sem egghvassir broddar. Þegar nú þannig var lagaður gaddurinn, hætti kindin að geta jórtrað, og varð þá að skera hana.

Standgaddinn þekkja allir, því hann er líkur því sem vant er að vera í gömlum ám. Er hann með því móti, að ofvöxtur kemur í einn eða fleiri jaxla í höfuðkúpunni, sem þá éta þá jaxla er á móti þeim eru í kjálkanum, og getur hann orðið svo mikill að hann nái niður í kjálkabeinið og kallast þá að kindin sé beinskert. Bar það oft til í þetta sinn. Urðu þá stundum kjálkarnir ofboðslega þykkvir þar um, og enda dattu sundur þá soðið var höfuðið. Þegar á fór að líða skurðartiðina, og menn sáu að gaddurinn var alltaf að ágerast, tóku menn upp á því að klippa hann með þar til gjörðri töng og tókst það yfir höfuð vel, svo ekki þurfti að skera það er hann var úrklipptur. Var það hvoru tveggi gaddurinn er menn fengust við, því þó kindin væri áður hætt að jórtra en það var gjört, fór hún til þess jafnskjótt og búið var að því. Á sumu gliðnuðu höfuðbeinin sundur, svo móta sást fyrir öllum samkomum á höfðinu þá búið var að sjóða það. Sumt fékk trönu og er henni svo varið að framtennurnar skaga meira fram en efri gómurinn, og gat það því ekki bitið grasið með góðu er svo var. Kom hún einkum af því að kjálkarnir gliðnuðu sundur um hnútana og gaddinn, en þetta batnaði því þó bráðum aftur af sjálfu sér. Framtennur í lömbum voru mórauðar að lit, en þó rann sá litur af með tímanum og sakaði ekki. Höfnuðust þau best og tóku fóðri vel fremur öðrum fénaði í þetta sinn. Koparlitur sást á mörgum kindum er skornar voru, á jöxlum þeirra, og vart hafði þess orðið á jöxlum í kúm, einkum einni í Gnjúpverjahrepp. Mátti skafa þetta af tönninni og var hún þá almennileg undir því, en á sumum var það sem látúnslitur eða jafnvel gyllingar. Í innyflum á öllu því er var skorið, var öskuhúð, er ekki náðist úr nema þau væru þvætt í volgu vatni, lögð síðan á fjöl og skafin með knífi (kalluneruð). Í sumu voru miklir vatnssullir utan á vömbinni. Víða varð vart við orma í lungnapípunum; voru þeir hvítgráir að lit og hármjóir, en

nokkra þumlunga langir eða allt að hálfu kvarteli. Segja menn þá samt ekki af Heklu völdum því þeirra hafi áður orðið vart í ýmsum héruðum. Samt voru í fæstum kindum almennileg lungu í þetta sinn, þó þeirra yrði ekki vart, sum voru visin og mörg bláflekkótt og froðuleg.

Það sem ekki var skorið strax, er það kom af fjalli, lagði mjög af hold, og sagði mér eftirtektarsamur bóndi hér í sveit, sem er nákvæmur fjármaður, að hann hefði tekið eftir því að það hefði lagt af til helminga, er ekki var skorið fyrir en seint á venjulegri skurðartíð, en það er strax var skorið reyndist eftir vana. Hann tók t.a.m. 2 sauði gamla, er báðir fundust jafnir að öllu leyti til upptaks og áhalds. Skar hann annan strax, og náði hann hálfum öðrum fjórðungi mörs, og eftir því að tiltölu á fallið, en hinn dró hann þar til seint á venjulegri skurðartíð, og reyndist sá helmingi miður hinum. En það sem taka átti haustábata, sumsé ærnar, voru mjög magrar svo þær skárust ekki nema með 2 og 3 mörkum mörs og eftir því að tiltölu á fallið, þar sem þær voru vanar að skerast með hálfum fjórðungi og þar um, en lömb voru mörg blá innan. Hross héldust best við af því sem gjöra var, þó þau væru í megrasta lagi, og engin af þeim veit ég til að dáið hafi, utan 2 eða 3 gamlir jálkar, er drógust upp hér í sveit, líklegast af öskunni, og heyrt hef ég getið um að drepist hafi nokkrir hestar í Árnessýslu úr kjálkaveiki.

Vart hefur orðið við, að ull hefur verið í lausara lagi en vant er á sauðfé, einkum á kvið þess og bringu, og ekki hefur verið trútt um, að skinnið hafi ei verið mjög meyrnt á sömu stöðum, svo það hefur varla bolað, að í það væri tekið á meðan kindin hefur verið flegin. Flest mun það þó lifað hafa af veturinn er á var sett, og hafðist samilega við, það er góða gjöf fékk, en fáir voru svo birgir að heyjum, að gefið gætu til langframa, urðu menn því og að gefa því öskuheyið meðfram. Hafnaðist það miður af því, en þó bar ekki á að það sýktist þar af, sem menn voru hræddir í fyrstu, ekki að orsakalaus, þó mun það hafa spilt tönnum þess. Þetta var hey það er úti var er Hekla gaus. Hraktist það langan tíma og varð úti undir öskufallinu. Varð það blátt að lit af því og svo hafði askan sest í það, að nálega varð fullt á milli hrífutindanna af henni þá farið var að snúa því, en við þurrkinn hristist hún þó og blés mikið úr og lágu öskuhrúgurnar undir flekkjunum þá farið var að raka heyið saman, náðist það síðan vel þurrt. Gáfu menn það helst geldneytum, og höfðu þau nokkurn veginn þrif þar af, en fé var það óhollara, helst upp á tennurnar.

Vorið 1846 var úrtöku rosasamt allt fram á lestir og gekk sauðburður illa, ekki þó svo þess vegna heldur af vesöld fénaðarins. Varð margt lamblaust, en sumt fæddi illa. Lömbin voru veik og drápust víða hvar, en þau er lifðu þrifust illa. Ærnar fóru seint og illa úr ull, mjólkunni lítið og urðu mjög arólitlar. Var ullin bæði þá og um haustið áður miklu rýrari og óþéttari á fénaði en vant var og mjög létt. Sumarið var, líkt og vorið, ákaflega rosasamt, nema lítinn tíma um miðsumarið. Varð því heyaflí mjög erfiður, og hraktist víða nokkuð af töðum og mikið af engi. Skáru menn því lömb sín enn þá. Var í mörgum af þeim hinn svokallaði

keðjumaðkur (bendilormur) sem þó er mjög sjaldgæfur. Mátti svo að kveða að hann væri nálega í hverju lambi er skorið var hér á Landinu. Liggur hann í görnunum, og hefi ég séð hann svo stóran, að hann var eftir þeim endilöngum, ofan frá vinstriinni og niður að botnlanga, og hér um bil hálfur þumlungur á breidd, en þunnur sem þunnt knífsblað. Hvítur er hann að lit með mjóum, upphlaupnum röstum yfir um þvert, og mjög hreyfingarlitill. Að visu var hann í mörgum minni en þetta. Þó sá ég hann ekki minni en 2 álga langan og hér um bil fjórðung þumlungs á breidd. Voru flest þau lömb er hann var í sáramögur, og ullin svo sem snorkin að sjá á þeim.

Um haustið þornaði veður og var æ hið besta. Skarst þá fé í betra lagi, bæði geldsauðir og ær. Hafði það hafnast vel um sumarið þegar á leið og um haustið. Upp frá því var hin minnisstæðasta veðurbliða, fremur þurr- en votviðri, en frost sjaldan og harla lítil og snjókomur engar að kalla mátti allt til þorraloka. Hafðist því fénaður vel við, að öðru leyti en því, sem gaddurinn hnjóði sauðfé upp á nýtt. Jókst hann smám saman eftir því sem fram á veturinn kom. Var það bæði snígaddur, eins og veturinn áður, og líka standgaddur, en hann var nú með öðru móti en sá er áður var, því nú voru það öftustu jaxlarnir í höfuðkúpunni sem ofvöxturinn kom í, en áður var það í jaxlinum næst enum fremsta. Jaxlinn sem eyddist í kjálkanum var bleikhvítur og mátti (1) skafa hann upp með knífi. Eins voru framtennur í mörgu veturgömlu fé, að þær mátti þannig skafa, og voru þær báróttar og móleitar á lit er svo var háttað. Var fyrrnefndur gaddur nú víða klipptur með áðurnefndri töng og trégrind viðhöfð til að halda sundur munninn kindanna á meðan, og skal lýsa því hvoru tveggja síðar.

Enn hefur gaddurinn verið með öðru móti og má hann heita tvöfaldur gaddur, og hafa kindur þær, er hann hefur í komið, dregist upp og horast niður. Hefur því orðið að skera þær, þar hann hefur og ekki orðið úr klipptur. Honum er svo varið að standur hefur gengið niður úr höfuðkúpunni að aftanverðu, eins og almennt er, og aftur annar upp úr miðjum kjálkanum. Hefur jaxlinn í höfuðkúpunni þar á móti verið molaður burt, nema smáflísir og agnir sem eftir hafa staðið. Úr sumu hefur jaxlinn verið klofnaður og burt annar helmingur hans en hinn staðið eftir, en í sumu ei nema utasta húð hans, þunn sem knífsegg. Slíkar kindur hafa verið búnar að fella jörtur og gras allt ótuggið í vömb þeirra. Gaddurinn er helst, hverskyns sem er, í veturgömlu og tvævetru fé en sjaldan í fullorönu.

Hestar reyndust illa eftir gosið til áreynslu, því margir þeirra heltust, meiddust og gáfust upp fremur venju, þó fullfeitir sýndust. Bar og til þeir drápuð í ferðunum, þó færri væru er svo fóru, og eru líkindi til það komið hafi af veikindum sem í þeim hafa búið eftir öskuna, þó lítið bærí á. Þó hafa hross hafnast vel, yfirhöfuð að tala, síðan, en trippi veturgömul og tvævetur voru þó farin að horast niður af tannveiki sem líkist mjög gaddi. Var og ekki trútt um að

(1) og mátti tvítekið í hár.

þess yrði vart í fyrra. En ekki veit ég til að nautpeningur hafi hafnast illa eftir það hann var búinn að taka gjöfinni á annað borð.

Það er engin furða þó fénaður hafi sýkst af öskunni. Var hún nóg tilefni til þess sjálf, þó hún hefði ekki verið blönduð öðrum tegundum, hvað þó var, einkum málblendungi. Urðu menn þess helst varir þegar vata kom með öskunni, enda komu oftast málmtegundir úr Heklu og settu sig hér og hvar á hluti er fyrir urðu. Má nærri geta að gras og einkum skógarviður hafi húðast af þessu þó litið bæri á. Þó sáu menn það á flestum víðirtegundum, og forðaðist fénaður þá að bíta hann þegar hann var svo. Mun þetta hafa verið meðfram orsök til hins gula litar er á var fénu um haustið er Hekla gaus, og sem getið er hér að framan.

Eitt sinn bar svo til, að menn nokkrir voru að fella hrís í Hraunteig fyrir neðan Næfurholt skammt eitt. Kom þá sem svækjuskúr mjög fín yfir þá, er þeir meintu regn vera. Stóð þá vindur af Heklu. En er þeir komu til hnakka sinna, voru skinn á þeim sem smurin væru með fitu og gul að lit, sem nuddaðist af einungis við stöðuga brúkun, eins urðu hattar þeirra útlits er skyggðir voru (blankhattar). Hafði yrja þessi sett sig á þá og hnakkskinnin en ekki sá á ullartagi. Meintu menn þá að þessi yrja mundi úr Heklu komið hafa. Þetta var fyrir veturnatur 1845.

Nálægt um sama leyti bar svo til á Galtalæk sem er næsti bær við Heklu hérna á Landinu að menn voru að gera við fjárhús skammt fyrir innan bæinn. Settu þeir upp við húsið, á þá síðu er horfði að fjallinu, verkfæri þau er þeir höfðu brúkað um daginn, áður þeir gengu heim um kvöldið. Voru það starfjárn, páll og skófla. Hafði pálblaðið verið orðið fagurt mjög eftir brúkunina, en er menn komu til daginn eftir, var það orðið gul-lifrautt á lit, nema það er niður hafði staðið í moldinni var fagurt sem áður. Eftir það var stunginn hnaus með pálum allan þann dag, en undir kvöld fór fyrst að mást af blaðinu litur þessi, en ekki er þess getið að slíks yrði vart á hinum verkfærunum, sem ekki voru fögur orðin undir af brúkuninni. Það bar einnig til í ofanverðum nóvembermánuði s.á. að bóndinn á Keldum á Rangárvöllum kom út skömmu eftir dagsetur. Var þá frost og kuldi á norðan og lagði mökkinn þar fram yfir. Var stormur svo mikill að varla var gengt veður, og öskufall svo mikið að menn gátu ekki haldið opnum augum á móti veðri. Sá hann þá eldrauðan loga á járnteini þeim er var upp úr vindhanastönginni á bæjarpílinu, en vegna þess hann var fáklæddur en harðviðri mikið, gat hann ei athugað þessa sjón til lengdar, fór því inn og sagði fólkinu að skoða. Þusti það þá út og sá enn hið sama. Var þá loginn orðinn líkt og á brennusteinsspytu, þó nokkuð rauðleitari fyrst, en bláleitari undir það réna fór, og gneistaði út úr ýmsa vega. Sást þetta nálægt klukkutíma. Hefi ég þetta eftir ritaðri sögu hans til mín. Hafa að líkindum einhverjar eldfimar tegundir verið búnar að setjast á járnteininn, sem nú hefur kviknað í þegar mökkinn bar þar yfir, því það var ekki ómögulegt að eldflugur hefði borist í honum langar leiðir, þar menn sáu þær tíðum fljúga langt eftir honum, helst þegar stormur var mikill. Það getur

svo fram á milli þeirra eins og mynd a (1) sýnir hér. Ríður helst á að töngin sé sterk á munnað og eins þolinmóðurinn, því oft ber við að hún vill gefa sig þar um. Líka þarf hún að vera íbjúg á munnað, svo hún komist því betur að jöxlunum þá klippt er, eins og myndin b (1) sýnir.

Þannig hefi ég þá til tínt flest það er ég hefi getað, bæði um gosið sjálft og afleiðingar þess, þó það sé bæði einfalt og ófullkomið. Getur og margt verið sem mér er ókunnugt, er til hefur borið í öðrum héruðum. En það ég hér ritað hefi, gjörði ég mér far um að yrði sem áreiðanlegast. En þess vegna tók ég fyrir að rita veðurlagið á hverjum degi, meðan gosið stóð yfir, að menn hafa haft þá meiningu að jarðeldar hafi mikil áhrif á veðurlagið, og sýnist sem svo hafi verið í þetta sinn, því fyrst var langvinn þurrkaði fyrir gosið, síðan varð mjög lítið af rigningum meðan það stóð yfir. Þó blikur drægi upp og oft liti rigningarlega út, var sem þær eyddust aftur allt til þess því var lokið, en þá tóku til sífelldar rigningar og þerrileysi, og virðist því sem jarðeldur þessi hafi fremur þurrkað loftið, þegar á allt er lítið. Að öðru leyti sýndist mér það efninu til upplýsingar að rita veðurlagið, því það hafði ætíð mikil áhrif á öskumökkinn og þann skaða er hann gjörði, eins og sjá má hér að framan. Það er enn til sanninda hér um, að hefði vindurinn ei verið svo hagstæður þegar Hekla sprakk út, heldur staðið af gagnstæðri átt, svo hingað hefði borið öll þau ósköp er þá dundu úr henni, hefði það hlotið að olla bráðum bana mönnum og skepnum í sveitum þeim er næst lágu, þar þetta kom öllum óvart, því ekki veit ég til að menn hafi hér nokkur merki séð til þess áður að Hekla mundi gjósa svo (2) brátt. Þess varð að sönnu vart sumarið áður (1844) að lækir urðu í minnsta lagi hér um, en þeir voru búnir að ná aftur vexti sínum, og gáfu engir sig að því framar að hugsa þar út í. Veturinn áður var að visu einhver hinn besti, en af því oft hafði góður vetur áður komið, gat engum komið til hugar að náttúran byggji nú yfir slíkum umbrotum. Var það auðsjáanleg varðveisla guðs forsjónar er hlífði sveitum þeim er lágu inn undir Heklu, þessu hinu óttalega eldfjalli, að öll þau kynstur er úr henni fóru fyrstu dagana, skyldu einungis halda á óbyggðir, því þó afréttirnir biðu nokkrar skemmdir var það lítill skaði í samanburði við þann, er orðið hefði, ef þetta hefði dunið yfir byggðina. Höfðu þeir og mikið lagfærst (afréttirnir) þegar menn komu þangað árið eftir eldgosið.

(1) myndin er prentuð aftan við textann

(2) svo tvítekið í hár.

einnig verið að teinninn sé segulkynjaður, og hafi því dregið að sér slíkt efni er kviknað gat í. Upp af hrauni því er úr Heklu kom stíga ávallt reykir. Eru þeir flestir hvítir sem hverareykir, en þó eru nokkrir sem hafa málmlit, svo sem kopars- og eirslit.

Um stærð eldhraunsins getur enginn gjört sér hugmynd, er ekki hefur séð það með eigin augum, og mun mega fullyrða, að annað eins eldhraun hafi ekki úr Heklu komið í nokkur hundruð ár. Gnægð af salti fylgdi gosi þessu, og var það hreinast er næst var tekið eldinum, og mátti kalla það gæfi lítið eftir besta verslunarsalti, en það er tekið var í gjám þeim er farnar voru að kólna, var óhreinna og bragðverra. Eftir því var tekið að norðurljós drógu sig fremur venju að Heklu. Sýndist stundum sem rót þeirra drægi sig saman og héldi sig upp yfir henni, þó ætíð bilkorn ofar og var sem þau kvísluðust þaðan út um loftið ýmsa vega. Þess má og geta að ekki varð hér vart við fjárpestina á meðan gosið stóð yfir, en síðan hefur hún hér dregið fé líkt og áður. Um sumarið eftir gosið var æði sótt næmt og kvefsamt. Að sönnu fluttist hingað hin svonefnda mislingasótt, en hún var ekki einsömul á gangi heldur margslags fleiri. Þó meina ég að lífsýki hafi almennust verið og hefur hún þínt marga upp og aftur allt til þessa. Hefur hún nálega gengið um allt land, hvort sem hún skyldi eignuð verða afleiðingum gossins eða ekki, er þó sýnist mögulegt. Dáið hafa og flest öll ungbörn er fæðst hafa síðan eftir gosið.

Hvort afleiðingum eldgossins muni nú þegar lokið er búið að segja; þó eru menn hræddir um það muni naumast vera. Einkum er ekki séð hvern árangur það hefur er leitast hefur verið til við gaddinn, eða hvort hann muni enn þá halda áfram að magnast, þó búið sé að klippa hann. Hefur þess að visu ekki vart orðið enn þá. Í fyrstu brúkuðu menn ekki nema tóngina, en bráðum varð þess vart að nauðsyn var að hafa það verkfæri er haldið gæti munni kindarinnar í skorðum, því henni var hætt við að vilja geiðla á tönginni, og enda var örðugt að grannskoða hvernig á gaddinum stóð, og var grindin hentugasta verkfærið til þess. Hún er svo gjörð að teknar eru 4 spýtur af eik jafn langar, sterkar eftir því sem hver vill hafa. Eru þær jafnast hér um þumlungs þykkar á hvern veg af fjórum og hér um 1 kvartil á lengd. Eru þær settar saman svo þar af verður ferskeytt grind. Laut skal gjörð innanvert í 2 spýturnar, hvor á móti annarri og sitt gat hvorum megin lautar. Eru þær í dregnir hankar úr snæri og knýtt að utan fyrir endana. Skal annar hankinn eigi lengri en svo, að smeygt verði upp á neðri skolt kindarinnar, en hinn skal nokkru lengri. Er honum smeygt upp á efri skoltinn, og munnurinn þannig sundur dreginn eftir því sem kindin getur sem hægst gapað. Er þá munnur hennar innan í grindinni, en hún utan um hann og lítur hún út sem mynd þessi. Töngin er svipuð smíðatöng eða þó enn heldur beygjutöng. Er munnurinn á henni þverhandarlangur hér um bil, en armarnir fyrir aftan þólinmóðinn nálægt helmingi lengri eða vel það. Stál er soðið innanvert á munnann, og höggvinn sem þjöl verður hann að falla vel saman. Fyrir aftan þólinmóðinn er fjöður, sem spennir tóngina sundur. Er hún negld við annan hvorn arminn að aftanverðu, og liggur

SJÖTTI ÞÁTTUR

EKKI ER HEKLUAFLEIÐINGUM LOKIÐ ENN ÞÁ, ÞÓ HÚN SÉ LÖNGU HÆTT AÐ BRENNNA. ÞAR ERU NÚ AÐ LÁTA SIG Í LJÓSI UPP OG AFTUR OG MUN BÁGT AÐ GETA Á HVAÐ LENGI ÞAÐ MUNI GANGA. ER ÞAÐ EINKUM Á SAUÐFÉ OG HROSSUM SEM ÞAR KOMA FRAM. ALLT ÞAÐ FÉ, ER VAR VETURGAMALT ÞÁ HEKLA GAUS OG SEM NÚ ER ÞREVETT, HEFIR GADD, OG EINS ÞAÐ ER ÞÁ VAR LÖMB EN NÚ 2VETT. ER HANN ÞÓ MIKLU VERRI Í ÞVÍ SIÐARNEFNDA, ÞAR HANN ER SVO HARÐUR, AÐ NAUMAST EÐUR EKKI VERÐUR KLIPPTUR. TELJA ÞEIR MENN, SEM VERK ÞAÐ ÆFA, SIG UPPGEFNA AÐ FÁST VIÐ HANN SVO AÐ GAGNI KOMI, ENDA VAR FÉ ÞETTA SVO ÞJÁÐ AF HONUM, AÐ ÞAÐ VAR ORÓIÐ HORAÐ STRAX Á SKURÐARTIÐ OG "GJÖRÐI EKKI Í BLÓÐ SITT" SEM MENN KALLA, ÞVÍ Í FLESTU VAR EÍ NEMA EITT PUND AF MÖR OG ÞAÐAN AF MINNA. HLUTU MENN ÞVÍ AÐ LÓGA ÞVÍ ER SVO VAR, ÞAR SIÐUR EN EKKI DUGÐI AÐ TAKA ÞAÐ Á GJÖF, AF ÞVÍ ÞÁ ÞAÐ FÓR AÐ FÁ HEYIÐ YFIRÞYRMDI ÞVÍ MEÐ ÖLLU. KOM ÞAÐ ÞAR AF, AÐ ÞAÐ ÁTTI ÖMÖGULEGT MEÐ AÐ TYGGJA ÞURRT HEYIÐ, SEM ÞVÍ VARÓ ÞESS VEGNA AÐ MINNI NOTUM EN SINAN ER MÝKRI VAR UNDIR TÖNNINN, ER ENGA MÓTSTÖÐU ÞOLDI. ÞANNIG HEFIR ÞAÐ REYNST HÉR Í SVEIT OG HAFI FLESTIR BÆNDUR SKORIÐ TÖLUVERT AF ÞESSU FÉ OG SUMIR GJÖRVALLT. VIÐ 3 VETRA FÉÐ HEFUR MÖNNUM ÞÓTT ÞETRA AÐ FÁST, ÞÓ GADDURINN HAFI VERIÐ ÁÞEKKUR. HEFUR HANN VERIÐ MIKLU MÝKRI OG ÞESS VEGNA KLIPPST BETUR, ENDA ÞÓTT JAXLINN SÉ HEILL ER KLIPPAST ÞARF, ER HANN FLESTUR SVO MJÚKUR AÐ TÁLGA MÁ MEÐ KNÍFI SEM KRÍT. HVERNIG ÞAÐ FÉ HEFST VIÐ FRAMVEGIS VITA MENN EÍ. GADDUR ÞESSI ER LÍKASTUR HINUM TVÖFALDA OG ÞARF EÍ AÐ LÝSA HONUM HÉR AFTUR ÞVÍ ÞAÐ ER ÁÐUR GJÖRT, ENDA ER HONUM HVERGI BETUR LÝST EN Í FÉLAGSRITANNA NÝJU 7DA ÁRI bls. 239-40.


Í HROSSUM HEFUR VEIKI ÞESSI LÁTIÐ SIG SMÁTT OG SMÁTT Í LJÓSI Á 3 VETRUM TRIPPUM, SUMSÉ ÞEIM ER VORU VETURGÖMUL ÞÁ ER HEKLA FÓR ÚT. ÁRIÐ EFTIR ÆTLA ÉG FÁ HAFI VERIÐ SETT Á. BÆÐI ER ÞAÐ, AÐ TRIPPI ÞESSI HAFI GADD MEIRI EÐA MINNI, ÁÞEKKAN ÞEIM Í SAUÐFÉNU, OG ÞAR HJÁ BRIS OG HNÚTA Á NEÐANVERÐUM KJÁLKUNUM, HVAR Í AÐ GREFUR SEINT EÐA SNEMMA OG VELLUR ÞAR ÞÁ ÚT BÆÐI VOGUR OG BLÓÐVILSA. FLEST HROSS Á ÞESSUM ALDRI FÁ ÞETTA FYRR EÐA SIÐAR, DRAGAST VIÐ ÞAÐ Í HOR OG ÞRÍFAST EÍ ÞÓ Á GÓÐA GJÖF SÉU TEKIN STRAX OG ÞESSA VERÐUR VART. HAFI EINSTÖKU FALLIÐ OG LÍKLEGA FLEIRI ÁÐUR LÝKUR. ÞYKJAST MENN SANNFÆRÐIR UM, AÐ ALLAR SKEPNUR SEM VORU ÓHARÓNAÐAR ÞÁ GOSIÐ KOM MUNI ALDREI AFFARAGÓÐAR VERÐA, HVORT SEM AFKVÆMI ÞEIRRA TAKA ÞAÐ Í ARF EÐUR EKKI OG Í ÞVÍ SKYNI ER BÁGT AÐ SJÁ HVAÐ LANGT AFLEIÐINGARNAR MUNI NÁ.

FJÁRSÝKIN ER NÚ AFTUR TEKIN TIL AÐ GEISA YFIR Í ÁR OG HEFUR LAGT Á VETURGAMALT FÉ OG LÖMB, SEM NÚ HEFUR VERIÐ YFIRHÖFUÐ VENJU FREMUR AFBRAGÐS VÆNT Í ÞETTA SINN. ERU ÞAÐ MEININGAR MANNA AÐ HÚN HAFI LEGIÐ ÞESS VEGNA Í DÁI, AÐ FLEST ALLT FÉ VAR MEGRA UM ÞANN TÍMA EN VANT VAR OG ENDA ULLARGISNARA EINS OG ÁÐUR ER Á VIKIÐ, EN HÉR HEFUR ÞAÐ VILJAÐ REYNAST SVO, AÐ HÚN HAFI DREPIÐ ÞAÐ HIÐ FEITASTA OG ULLARPÉTTASTA, EN HIÐ RÝRARA HEFUR KOMIST HJÁ HENNI.

OFT OG TÍÐUM HEFUR LAGT REYKJARGUFU UPP ÚR HEKLU ALLT TIL ÞESSA DAGS, OG ÞAÐ Í FREKARA LAGI Þ. 5TA Þ.M. Í HÆGRI NORÐANKÆLU. SAMA ER UM HRAUNIÐ AÐ SEGJA OG HEFUR ÞAÐ JAFNAN

brætt af sér frostleysusnjó, en í frosti og kulda hefur hann lengur tollað á því. Ávallt er autt lítið eitt í kringum stóru gjána á toppi fjallsins - sem reykjargufan er úr - helst sunnanmegin hennar. En að aska hafi úr henni komið í sumar er leið mun bágð að sanna með vissu. Þó hafa nokkrir menn á efstu bæjum í Gnúpverjahrepp þótt þess varir, en hvenær það hafi helst verið hef ég ei getað fengið upplýsingar um, en aldrei hefir verið eftir því tekið hér.

Ritað 7da dag febrúar 1848.



(Dag-skra'
um
Flekku gæsit
1845-6

og
Afleiðingar þess
(eftir Odd Erlendsson í þúfu).

~~Heimskrá~~
22n dag Febrúar. mánaðar 1847.

Dagskrá um Heiklugosið 1843.

5

og Afþjófingur þessi.

Försti þáttur.

Þriðjudaginn annarn dag septembrio mánaðar
drið 1843. — var vestrur þrátt, met skjutur lofti, þó
ei lá til sólar; bláur vestanblár gusladi og veitti von
um indalán dag, áður hafði vestrur gunguð ákinn
koma, og kalla vestrur met heiklugum og úþjáttum vind-
um; hafði þumarið, þegar á átt er lítið, verið hið indal-
asta, áttum og vestrur áður hafði verið lítið hvar hið
bláasti, sem meir muna. voru og þumarið voru
þemur þerriför, og þeir hafði sláttur gþinggið eð,
þjendalir hvar þjavarverkun. þvorti; tóður voru hvar
ar grannar og nokkud af einggi, þegar þjor var komið,
en þjor þjor at þrugði var vestrur nokkud áður en
þjor seigþjor, áttu meir íti hvi nokkud. þjor móg-
un gþinggi meir til verka, eina og vandi var til,
án þjor at imanda þjor at nú var þjorin, efi, en
þó einggi hafði veitti þjorin nar ríka, en á þjor
þjorin þjorin þjorin þjorin er nú er efi; þjor þjor
þjorin þjorin þjorin þjorin i nálagum þjorin
um, or þjor þjorin þjorin þjorin — en
þjorin þjorin þjorin, or þjorin þjorin, or þjorin
á þjorin þjorin þjorin þjorin, or þjorin
þjorin, efi, en lá nú þjorin of at maki, þjorin þjor-
um, þjorin of var þjorin at, at þó munda þjorin at-
bera. eft ofan verum Dagmálum, þjorin i einu
veffarigi at þjorin dunnur og ofa niður i austri,
met þjorin undir ganggi, at þjorin itati við undir
þjorin manna; var niður þjorin þjorin þjorin, þjorin
menn sláðu undir þjorin þjorin þjorin, áttu

